



FRÉTTABLAÐIÐ

271. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 14. DESEMBER 2022



Sænska félagið á Íslandi stóð fyrir sinni árlegu Lúsuhátíð í Seltjarnarneskirkju í gærkvöldi. Börn og fullorðnir tóku þátt í hátíðinni og húsfullir var í kirkjunni. Spennan leyndi sér ekki og gleðin skein úr andlitum barnanna. Sænska félagið á Íslandi var stofnað árið 1955 og var þetta 31. hátíðin á vegum þess. Maria Cederborg hefur stjórnað Lúsuhátíðinni frá upphafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kuldakastið reynist hitaveitum erfitt

Frosthörkur desembermán-
aðar koma niður á heita-
vatnsbirgðunum og þegar eru
skerðingar hafnar. Hitaveitur
hafa einnig lent í öðrum
áföllum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Kuldakastið í desember
veldur hitaveitum vandræðum og
skerðingar eru sums staðar hafnar.
Hjá Selfossveitum og Norðurorku
hafa önnur áföll einnig minnkað
vatnsöflunargetuna.

„Við erum búin að loka fyrir gervi-
gras, kæla niður fjölnota íþróttahúsið og loka öllum útisvæðum í
sundlaugum sveitarfélagsins,“ segir
Sigurður Þór Haraldsson, veitustjóri
Selfossveitna. Aðfaranótt fimmtu-
dags kom upp eldur í einni borhol-
unni. Búið er að koma henni aftur í
gang en ekki á fullum afköstum.

Veðurfræðingar spá því að frostið
herði um helgina og kastið standi
lengi áfram, jafnvel fram yfir áramót.
„Þetta kuldakast gæti reynt
verulega á okkur ef það stendur
fram að áramótum,“ segir Sigurður.
„Við tökum stöðuna viku fyrir viku.
Eins og staðan er núna sjáum við
fram á að hafa sundlaugarnar lok-
aðar áfram.“

Viðbragðsáætlun er í gangi og
vatni er forgangsraðað til heimila.
„Við reynum sársaukaminnstu
aðgerðirnar fyrst,“ segir Sigurður.
„Það hefur ekki enn komið til þess
að við höfum þurft að skerða vatn
til húshitunar en ef þetta versnar
þurfum við að skoða íþróttahúsin
og aðra stórnotendur.“

Norðurorka í Eyjafirði hefur
hingað til getað mætt íbúafjölgun
og annarri aukningu með stækkun
kerfisins á Hjalteyri í vestan-
verðum firðinum. Hins vegar hefur



Við reynum sársauka-
minnstu aðgerðirnar
fyrst.



Sigurður Þór
Haraldsson,
veitustjóri
Selfossveitna

sjór nýlega mælst í vatninu þaðan.
„Hingað til höfum við getað tekið
alla stækkun út á Hjalteyri en núna
erum við stopp þar. Því þurfum við
að ganga á svæðin sem við eigum

fyrir,“ segir Hjalti Steinn Gunnars-
son, fagstjóri hitaveitu hjá Norður-
orku.

Aðfaranótt laugardags er spáð 20
stiga frosti. „Við erum vissulega að
nota mikið vatn núna, en eins og
staðan er núna þá erum við ekki að
lenda í vandræðum á næstunni,“
segir Hjalti og býst ekki við skerð-
ingum í bráð. „Ef það verða langir
frostakaflar í febrúar og mars þá
gætum við þurft að bregðast við, en
það verður vonandi ekki þennan
vetur,“ segir hann en algengast er
að hitaveitur lendi í vanda í febrúar
og mars.

Sigurður og Hjalti segja báðir þörf
á átaki í jarðhitaleit og Sigurður
segir það almenna skoðun meðal
veitustjóra. „Við heyrum innan úr
Orkustofnun og ráðuneytunum
að það sé verið að hlusta. En það
er ekki komin nein niðurstaða í
málið,“ segir hann. ■

Aukinn styrkur til landsbyggðarinnar

STJÓRNMÁL Fjárlaganefnd vill
auka stuðning við einkafyrirtæki
á landsbyggðinni sem framleiða
efni fyrir sjónvarp og eru tilbúin
að leggja málefni til hundrað
milljóna króna styrk.

Skilyrði er sett um að umrædd
fyrirtæki framleiði eigið efni fyrir
sjónvarpsstöð.

„Við teljum að það sé full þörf á
því að styðja við dreifbýlismiðlana,
og ekki sist þessa sjónvarpsmiðla
sem hafa verið að reyna að halda
úti sjónvarpi um allt land, það er
að segja utan þess sem RÚV hefur
verið að gera,“ segir Bjarkey Olsen
Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri
grænna og formaður fjárlaganefnd-
ar Alþingis.

Eitt erindi hefur nú þegar borist
frá landsbyggðarmiðlinum N4 á
Norðurlandi vegna þessa sérstaka
styrks sem bæta á við. **SJÁ SIÐU 4**

Boozt.com
THE NORDIC DEPARTMENT STORE



VERTU
GLEÐIGJAFI

Tveir meintir hryðjuverkamenn lausir úr haldi

benediktarnar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Sakborningum í hryðjuverkamálinu var sleppt úr gæsluvarðhaldi í gær eftir að Landsréttur felldi úrskurð héraðsdóms um áframhaldandi gæsluvarðhald úr gildi.

Úrskurður Landsréttar byggir á því að í geðmati segir að mennirnir séu hættulausir sjálfum sér og öðrum.



Einar Oddur Sigurðsson, lögmaður

Einar Oddur Sigurðsson, verjandi annars sakborningsins, segir að með úrskurðinum megi sjá að Landsréttur sé ósammála mati lögreglu og héraðsdóms um að mennirnir uppfylli skilyrði hegningarlaga um að teljast hættulegir. „Að mínu mati dregur þetta að miklu leyti úr þessum sakargiftum á hendur mönnunum,“ segir Einar. „Það hljóta að vera uppi núna vangaveltur hjá héraðssaksóknara um hvort þeir ætli að standa við þessa ákæruliði sem varða hryðjuverkin. Þetta er stórt atvikið og það verður fróðlegt að fylgjast með,“ segir Einar. ■

Giljagaur kom í heimsókn



Giljagaur kom í heimsókn á Þjóðminjasafnið í gær og söng með börnunum sem voru ánægð að sjá hann. Nú eru jólasveinarnir farnir að tinast til byggða, í nótt kom Stúfur og í kvöld kemur Þvörusleikur. Það er því um að gera fyrir öll börn að vera stillt og góð svo þau fái ekki kartöflu í skóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANOTON BRINK

Mikið spurt um sniðgönguvörur

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Framkvæmdastjóri Bónuss segir mikið um að neytendur hringi eða sendi tölvupósta til að fá upplýsingar um fyrirtæki og vörumerki vegna kröfu um sniðgöngu á tilteknum vörum. Sama á við um Hagkaup.

Verkalýðsforkólfar eru meðal hundraða Íslendinga sem hafa deilt á Facebook brýningu um að neytendur hundsí vörur frá Langasjó, félaginu sem rekur Ölmú, vegna leiguþækkana. Um ræðir vörumerki svo sem Freyju, Ali og Matfugl.

„Enn sem komið er sjáum við ekki mikil áhrif af þessari brýningu, en maður veit ekki hvað gerist, jóla-ósin er ekki hafin,“ segir Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss. Hann segir að eigi að síður hafi orðið viðbrögð. Mikið sé hringt og spurt um söluna á þessum vörum.



Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss

„Bónus er ekki í pólitík og mun aldrei verða en neytandinn tekur upplýsta ákvörðun og við þurfum að haga okkar innkaupum í samræmi við það,“ segir Guðmundur.

Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, segir of snemmt að spá fyrir um áhrifin.

„Hins vegar hefur verið nokkuð um fyrirsögnir þar sem viðskiptavinurinn vill vita meira um ákveðnar vörur og hvaðan þær koma. Málið hefur því vakið athygli,“ segir Sigurður. ■



Segir aukakostnað vegna jólanna valda kvíðasting

Aukin krafa í samfélaginu um dýrar jólagjafir veldur ónotum hjá einstæðri móður á Akureyri. Þung áskorun að þurfa að hugsa um hverja einustu krónu.

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Einstæð móðir á Akureyri segir að samfélagskröfur um dýrar gjafir og annan aukakostnað fyrir jólin séu sligandi áskorun. Allstór hluti þjóðarinnar kvíði að geta ekki uppfyllt óskir barna sinna um jólin.

„Einstætt foreldri þarf alltaf að hugsa um hverja einustu krónu,“ segir Þórlaug Þorfinnsdóttir, leikskólakennari og móðir tveggja drengja.

Þótt flestir hlakki til jólanna og sjái fyrir sér andstæðu depurðarinnar þegar hátíðin gengur í garð er einnig til allstór hópur sem upplifir desember sem erfiðan tíma. Ein ástæða þessa er vaxandi krafa í samfélaginu um „dýr jól“ að sögn Þórlaugar. Hún segir að synir hennar séu nægjusamir og sparsamir en þeir beri sig saman við félagi sína er kemur að jólagjöfum og jólahaldi. Sem leikskólakennari finni hún einnig að ung börn geri æ meiri kröfur.

„Það er ofboðslegur jólagjafaprýstingur núna í samfélaginu.“

Þórlaug leigir íbúð í blokk og greiðir um 180.000 krónur í mánaðarleigu. Hún fær meðlag, samanlagt um 87.000 með báðum drengjunum á mánuði. Meðlagið dugar skammt, einkum þegar mikill jólakostnaður bætist við.

„Drengirnir mínir eru báðir í íþróttum og því fylgir mikill kostnaður, ekki síst vegna ferðalaga. En ég set það aldrei fyrir mig, því strákarnir mínir eru alltaf í forgangi.“

Þórlaug viðurkennir að loka sig stundum af og eiga erfiðar stundir



Þórlaug Þorfinnsdóttir leikskólakennari segir að aukin krafa sé í samfélaginu um dýrar jólagjafir. Það geti valda kvíða hjá foreldrum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Ég er örugglega ekki ein um að hugsa: Guð minn góður, nú er kominn desember og ég þarf að eyða öllum þessum peningum, sem ég á ekki.

Þórlaug Þorfinnsdóttir, leikskólakennari

út af fjárhagsáhyggjum. Tíminn nú sé sérlega viðkvæmur.

„Ég fæ stundum sting í magann, finn kvíðann koma. Hvernig á maður að fara að því að veita drengjunum allt það besta sem ég óska þeim?“

Stundum hugsi hún hve gott það væri að eiga maka, fjárhagslega, félagslega og uppeldislega. Því kerfið geri í raun ráð fyrir tveimur fyrirvinnum.

„Ég er örugglega ekki ein um að hugsa: Guð minn góður, nú er kominn desember og ég þarf að eyða öllum þessum peningum, sem ég á ekki.“

Þórlaug telur að hækka þurfi meðlag og barnabætur, einkum ef ekki fylgi annar fjárstuðningur frá því foreldri sem ekki fer með forsjá.

Þrátt fyrir áskoranir hlakkar hún og drengirnir hennar til jólanna.

„En þetta líf er ekki alltaf dans á rósum.“ ■

Velkomin um borð!

MG MARVEL R PERFORMANCE



Eigum bíla á lager til afhendingar strax!

MG MARVEL R PERFORMANCE

100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð*

Verð frá: 7.199.000 kr.

FLEX leiguverð frá: 183.090 kr. á mánuði.

Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

[mgmotor.is](https://www.mgmotor.is)

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Tollalækkun skilvirkasta leiðin til að bæta hag launþega

ser@frettabladid.is

KJARAMÁL Félag atvinnurekenda hefur skrifað undir kjarasamning við VR og Landssamband íslenskra verzlunarmanna, sem er í öllum meginatriðum samhljóða samningi VR/LÍV við Samtök atvinnulífsins frá því í fyrradag, en athygli vekur sérstök bókun um að stjórnvöld lækki tolla í þágu neytenda.

Þar segir að samningsaðilar sam-mælist um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla í þágu neytenda. „Lækkun tolla er ein skilvirkasta leiðin til að bæta hag launþega. Að mati samningsaðila væri góð byrjun að afnema tolla sem vernda enga hefðbundna innlenda landbúnaðarframleiðslu,“ segir í bókuninni.



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA), kveðst fagna því að sátt hafi náðst á stórum hluta vinnu-markaðarins við erfiðar aðstæður verðbólgu og hækkandi vaxtastigs. „Við munum gera okkar til að stuðla að því að ná stöðugleika í verðlagi. Við teljum hins vegar að stjórnvöld hafi misst af tækifæri til að tryggja neytendum frekari kjara-

bætur og lækka matvælaverð með því að kveða á um tollalækkanir í yfirlýsingu sinni í gær,“ segir Ólafur. „Við og viðsemjendur okkar beinum því til ríkisstjórnarinnar að skoða þau mál,“ segir hann. „Það er hægt að byrja á tollunum sem vernda enga hefðbundna innlenda framleiðslu, en þeir eru fjölmargir,“ bætir Ólafur Stephensen við. ■

Áfram lítið atvinnuleysi

kristinnhaukur@frettabladid.is

ATVINNUMÁL Atvinnuleysi á landinu í nóvember mældist 3,3 prósent, sem er óbreytt frá því í október. Þetta kemur fram í nýjum tölum Vinnuálastofnunar. Atvinnuleysi jókst litillega á landsbyggðinni þar sem almennt finnst meira fyrir árs-tíðabundnum sveiflum.



Vinnuálastofnun spáir 3,2 til 3,4 prósent atvinnuleysi í desember.

Útlendingar eru rétt tæpur helmingur af öllum atvinnulausum á skrá og fleiri karlmenn eru atvinnulausir en konur. Mest mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum, 5,7 prósent, en það fór upp í um fjórðung þegar staðan var sem verst í faraldrinum. ■

Æ fleiri sækja í símenntun

ser@frettabladid.is

MENNTUN Vel yfir 44 þúsund landsmenn á aldrinum 25 til 64 ára sóttu sér símenntun á síðasta ári, sem er talsverð aukning frá árinu þar á undan, að því er fram kemur í tölum Hagstofnunar.

Alls stunduðu tæplega 26 þúsund konur símenntun í fyrra og ríflega 18 þúsund karlar, eða sem nemur 23 prósentum landsmanna, en hlutfallið var ríflega 19 af hundraði árið 2020.

Tölurnar sýna að langflestir þeirra sem sækja sér símenntun eru starfandi á vinnumarkaði og að símenntun eykst með aukinni menntun. ■

Fjölmiðlar úti á landi sem framleiða efni fyrir sjónvarp fá 100 milljónir

Formaður fjárlaganefndar segir meirihluta nefndarinnar finnast að styðja eigi betur við einkafyrirtæki á landsbyggðinni sem framleiða efni fyrir sjónvarp. Þess vegna séu þeim ætlaðar 100 milljónir króna.

gar@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir það vilja meirihluta nefndarinnar að styðja betur við sjónvarpsframleiðslu einkafyrirtækja á landsbyggðinni.

Meirihluti fjárlaganefndar hefur lagt fram breytingartillögu við fjárlagafrumvarp næsta árs sem felur í sér 100 milljóna króna tímabundið framlag sem er sérstaklega ætlað til reksturs einkarekinnna fjölmiðla á landsbyggðinni sem framleiða eigið efni fyrir sjónvarpsstöð. Alls verði því úthlutað tæplega 480 milljónum í styrki til einkarekinnna fjölmiðla.

„Af því að við teljum að það sé full þörf á því að styðja við dreifbýlismiðlana, og ekki sist þessa sjónvarpsmiðla sem hafa verið að reyna að halda úti sjónvarpi um allt land, það er að segja utan þess sem RÚV hefur verið að gera,“ svarar Bjarkey aðspurð um ástæður þessa sérstaka framlags.

„Við bara leggjum til að fjölmiðlar eins og Víkurfréttir og N4 og aðrir sem eru að framleiða einhvers konar efni verði styrktir, okkur finnst bara ástæða til að styðja við það sérstaklega. Þannig að það er í rauninni einu rökinn,“ segir Bjarkey.

Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, fjallaði um málið í stöðufærslu á Facebook í fyrradag.

„Svo vill til að einungis einn fjölmiðill á landsbyggðinni heldur úti



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar, segir menningar-málaráðherra setja úthlutunarreglur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Úthlutun fjölmiðlastyrkja 2022

N4, 20,7 milljónir króna. Víkurfréttir 5,7 milljónir. Árvakur (Morgunblaðið og fleira), Torg (Fréttablaðið, DV og Hringbraut) og Sýn (Stöð 2, Vísir, Bylgjan og fleira) fengu 66,7 milljónir hver. Stundin fékk 22,3 milljónir. Alls var um 380 milljónum úthlutað.

sjónvarpsstöð. Það er N4 á Akureyri. Eigendur N4 eru helstu hagsmunaaðilar á Norðurlandi, meðal annars Kaupfélag Skagfirðinga, KEA og Samherji,“ skrifar Jón Trausti og bendir á að N4 hafi í fyrra fengið rúmar 20 milljónir króna í styrk frá ríkinu.

„En gæti nú fengið fimmfalt meira, vegna þess að meirihluti nefndarinnar, sem kemur að meirihluta úr Norðvestur- og Norðausturkjördæmi, álitur hann æskilegri fjölmiðla en aðra,“ segir ritstjórinn og vísar þar til þess að fjórir af sex þingmönnum meirihluta ríkisstjórnarflokkanna eru úr Norðvesturkjördæmi eða Norðausturkjördæmi.

„Það liggur alveg fyrir að það eru ekki margir miðlar sem halda úti sjónvarpsþáttagerð en það er ekki bara einn, svo það sé sagt. Við höfum alla vega fregnir af Víkur-



Við teljum að það sé full þörf á því að styðja við dreifbýlismiðlana.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis


fréttum og N4 sem halda úti sjónvarpsþáttagerð,“ segir Bjarkey um orð ritstjórans.

Þá bendir Bjarkey á að meirihluti fjárlaganefndarinnar sé samsettur úr fólki úr Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi, Suðurlandi og Suðvesturkjördæmi. „Þannig að það er líka af höfuðborgarsvæðinu, bara til að hafa það sagt,“ segir nefndarformaðurinn.

Aðspurð segir Bjarkey eitt erindi hafa borist frá landsbyggðarmiðlunum vegna þessa sérstaka styrks sem bæta á við.

„Það kom erindi frá N4 en það var í rauninni bara ákvörðun okkar – alveg eins og þegar við vorum að vinna með rekstrarstuðninginn við einkarekna fjölmiðla í allsherjar- og menntamálanefnd, að þá lögðum við mikla áherslu á að þetta færi ekki allt saman á stóru miðlana hér á höfuðborgarsvæðinu. Við vildum aukinn stuðning við landsbyggðarmiðlana. Það er ekkert launungarmál, það er bara þannig,“ segir Bjarkey.

Þá tekur Bjarkey fram að það sé ekki í verkahring fjárlaganefndar sjálfra að úthluta fjölmiðlastyrkjum. „Ráðherrann [Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra] verður með úthlutunarreglur og það er hennar að vinna úr þessu. Ég hef ekkert annað að segja um það.“ ■



BARÁTTUKONAN BIRNA

Einlæg og falleg saga um viðburðaríka ævi Birnu Þórðardóttur eftir Ingibjörgu Hjartardóttur með ljósmyndum Rannveigar Einarsdóttur.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Skemmtilegar gjafir í hörðu pakkana



Höfuðljós NU32
8.430

20%
AFSLÁTTUR



Trotec Lofthreinsir
Hreinsar 99,97 af óhreinindum,
vírusum og bakteríum úr loftinu
14.332
áður kr. 17.915



Hleðsluskrúfvél
PSCS 11-12V 22Nm

6.956
áður kr. 8.695

20%
AFSLÁTTUR



Verkfærasett í tösku
187 stykki
37.465



Smáhlutabox
með spegli
2.395



20%
AFSLÁTTUR

Rafhloðu Bónvél
PPOS 10-20V
245mm diskur

11.996
áður kr. 14.995



**Lavor STM 160 WPS háprýstidæla
með RISA-stórum aukahlutapakka**

Mótor: 2500W
Prýstingur: 160 bör
Vatnsflæði: 510 l/klst.

31.196
áður kr. 38.995



20%
AFSLÁTTUR



**Verkfærakassar
á hjólum**

Tveir verkfærakassar,
sá stærri er með löngu
handfangi og á stórum
og góðum hjólum

19.799



TACTIX
Verkfærataška með 40
aukahlutum

7.999



Höggborvél
PDHS 11-20V
Tekur allt að 13mm
breiða bora - 40Nm

12.468
áður kr. 15.585

20%
AFSLÁTTUR



SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í **20 ár**
2002 - 2022

Færri skjálftar í vikunni en vanalega

ser@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Færri jarðskjálftar mældust í síðustu viku en í vikunni þar á undan, tæplega 550 skjálftar samanborið við 735, samkvæmt mælakerfi Veðurstofu Íslands.

Ástæða þessa er minni virkni við Herðubreið og Herðubreiðartögl, en þar hefur verið töluverð virkni síðustu vikur.

Heldur meiri virkni var á Reykjannesskaga samanborið við síðustu viku. Enginn skjálfti mældist yfir þremur að stærð í vikunni.



Minni virkni er við Herðubreið.

Fær hæstu einkunn í loftslagsmálum

benediktboas@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Við munum hvergi slaka á í kröfum okkar því við ætlum áfram að vera leiðandi í loftslagsmálum á heimsvísu,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Landsvirkjun fékk hæstu einkunn í ár fyrir stýringu eigin loftslagsáhrifa og afleiðinga loftslagsbreytinga á starfsemi fyrirtækisins hjá alþjóðlegu samtökunum CDP.

Undanfarin tvö ár hefur Landsvirkjun verið með einkunnina A-, fyrst íslenskra fyrirtækja til að ná svo góðum árangri. En á þessu ár í hlaut fyrirtækið hæstu einkunn eða A.

Landsvirkjun telst þar með til leiðandi fyrirtækja í loftslagsmálum á heimsvísu.




Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Árið 2022 skiluðu um nítján þúsund fyrirtæki inn upplýsingum um loftslagsmál til samtakanna. Landsvirkjun er í hópi 283 þeirra sem hljóta hæstu einkunn og komast á A-lista samtakanna.

„Við vinnum orku úr endurnýjanlegum auðlindum, höfum sett okkur markmið um kolefnishlutleysi árið 2025 og vinnum að því með skýrum aðgerðum sem draga úr losun,“ segir Hörður. ■

Sveitarfélög sem útvega ókeypis tíðavörur í grunnskólum



Ókeypis tíðavörur í boði fyrir flesta nema

kristinnhaukur@frettabladid.is

JAFNRÉTTISMÁL 33 sveitarfélög bjóða upp á ókeypis tíðavörur í grunnskólum og fristundaheimilum og fjögur hafa í vinnslu að gera það. Þá bjóða 27 af 39 framhaldsskólum einnig upp á þær. Þetta kemur fram í svari Ásmundar Einars Daðasonar menntamálaráðherra við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns Pírata.

Samband íslenskra sveitarfélaga lét gera könnun um málefnið og 80 prósent sveitarfélaga bjóða upp á ókeypis tíðavörur eða hafa það í vinnslu. Í þeim búa 86 prósent landsmanna. Þar á meðal eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær, Árborg og Ísafjörður. Kópavogur og Reykjanesbær eru meðal þeirra sem hafa það í vinnslu.

Sum sveitarfélög reka hvorki grunnskóla né fristundaheimili heldur hafa þjónustusamninga við stærri sveitarfélög um það. En önnur annað hvort bjóða ekki upp á



Meðal skóla sem ekki eru á listanum eru Kvinnaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Hamrahlið.

ókeypis tíðavörur eða svöruðu ekki könnuninni. Þar á meðal Akureyri, Norðurþing, Fjarðabyggð, Grindavík og Akranes.

Flestir af fjölmennustu framhaldsskólum landsins segjast hafa boðið upp á ókeypis tíðavörur frá haustinu 2022 eða lengur. Meðal þeirra skóla sem ekki eru á listanum eru tveir stórir skólar, Kvinnaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Hamrahlið, en aðrir eru smærri skólar á borð við Hallormsstaðaskóla og Fisktækniskóla Íslands. ■

Samkeppni leidd til slátrunar

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Neytendasamtökin leggjast hart gegn áformum stjórnvalda um að slá af samkeppni sláturleyfishafa. Í Samráðsgátt stjórnvalda liggja drög að frumvarpi til laga sem þyngja munu byrðar neytenda en léttja þyngjur þeirra, nái þau fram að ganga.

Virðast samtökunum sem frumvarpið gagnist einungis milliliðunum milli bændu og neytenda; sláturleyfishöfum.

Neytendasamtökin gagnrýna harðlega að sleigin sé skjaldborg um einn hlekk í keðjunni, afurðastöðvarnar, en öðrum gert að bera byrð-



Neytendasamtökin telja frumvarp stjórnvalda gegnast milliliðum á kostnað bændu og neytenda.

arnar. Nær væri að efla bændurna sjálfa. Samþykkt frumvarpsins mun að mati Neytendasamtakanna fleyta okkur áratugi aftur í tímann. Reynslan sýni að samkeppni sé helsta vörn neytenda gegn háu verðlagi.

Frumvarp sem heimili fyrirtækjum að vika sér undan mikilvægum ákvæðum samkeppnislaga sé aðför að neytendum. Engar rannsóknir eða greiningar liggja fyrir um áhrif umræddra lagabreytinga á hagsmunum bændu eða neytenda.

Neytendasamtökin leggjast hart gegn því að frumvarpið nái fram að ganga og hvetja alla til að leggjast á plóg neytenda til að afstýra þessu slysi. ■



Kári Auðar Svansson segir að ef ekki væri fyrir Vin myndi hann afar lítið fara út úr húsi vegna veikinda sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Borgarfulltrúarnir lækki eigin laun og láti Vin í friði

Maður með geðklofa segir fjölda fólks í hættu ef Reykjavíkurborg raskar starfi Vínar við Hverfisgötu. Hann spyr hvort ekki væri nær að lækka laun borgarfulltrúa.



Innlögnum á geðdeild myndi snarfjölga.

Kári Auðar Svansson



Örlög Vínar eru nú í höndum meirihluta borgarráðs.

REYKJAVÍK „Ef Vin væri ekki starfrækt hér á Hverfisgötunni í þeirri mynd sem nú er, færi ég voða lítið út úr húsi,“ segir Kári Auðar Svansson, 43 ára Reykvingur með geðklofa.

Örlög Vínar eru nú í höndum meirihluta borgarráðs sem leitar leiða til að bregðast við rekstrarhalla. Orð borgarfulltrúa um að til standi að færa þjónustuna til en ekki loka henni eru marklaust hjál að sögn þeirra notenda þjónustunnar sem Fréttablaðið hefur rætt við. Tugir einstaklinga með geðraskanir hittast daglega í Vin.

Um ræðir viðkvæman og jadarsettan hóp í samfélaginu og er ekki á hverjum degi sem fjölmiðlar fá inn-sýn í líf notenda. Kári hefur sótt Vin heim síðastliðin sjö ár. Hann mætir alltaf fyrir hádegi, spjallar við fólkið og snæðir heimatilbúinn mat sem hann hrósar mjög.

„Svo erum við geðklofahópur sem hittist á föstudögum. Ræðum í trúnaði það sem við viljum tala um, hvernig vikan var og svona. Þetta er einstakur staður og það heyrir alveg til undantekninga að upp komi deilur.“

Kári hefur sótt aðra staði fyrir fólk með geðraskanir. Hann segist ekki hafa fundið sig þar og upplifir sig heppinn að hafa fundið Vin.

„Ég veit bara ekki hvað ég myndi gera ef þessi staður yrði lagður niður. Margt fólk myndi missa allt sitt félagslíf og ég er í þeim hópi.“

Kári er fljótur til svars þegar hann er spurður um hverjar afleiðingar yrðu ef þessi hópur þyrfti að flytja sig til eða sundrast.

„Innlögnum á geðdeild myndi snarfjölga,“ svarar hann. Fimmtíu milljóna króna áætlaður sparnaður borgarinnar yrði á einu augabragði fyrir bí. „Kallast það ekki að spara aurinn en henda krónunni?“

Kári greindist með geðklofa 22 ára gamall. Miklar ranghugmyndir hreiðruðu um sig og er Kári eitt

svæsnasta geðklofatilfelli sem sögur fara af hér á landi að hans sögn. Skýringar á geðklofanum eru að líkindum genetiskar.

„Þessi sjúkdómur veldur mikilli fötlun, ég er nánast óvinnufær og hef margoft byrjað í háskólanum, hef prófað fullt af fögum. En ég hrökklast alltaf burt, þoli ekki álagið.“

Enn líður ekki vika án þess að Kári upplifi ofsakvíða eða geðrof. Líklegt er að staða hans verði alltaf viðkvæm þótt lyfin geri sitt gagn. Félagsleg örvun er honum því afar mikilvæg.

„Ef það á að spara í rekstri borgarinnar, væri þá ekki nærtækara að lækka laun borgarfulltrúa frekar en að leggja niður aðstöðu fyrir fólk með geðraskanir?“ spyr Kári. ■

Jólatilboð

Heimsfræg hönnun á tilboði í desember.

Eames Lounge Chair

Einungis 12 stólar í boði á tilboðsverðinu.



Eames Lounge Chair - Dökk hnota (á mynd)

Tilboðsverð 825.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 925.000 KR.

Sparaðu
100.000 kr.

Eames Lounge Chair - Palisander Santos

Tilboðsverð 875.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 975.000 KR.

Sparaðu
100.000 kr.

vitra.



Sparaðu
100.000 kr.

Eames Lounge Chair - Kirsuberjaviður

Tilboðsverð 695.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 795.000 KR.

vitra.



Sparaðu
100.000 kr.

Coffee Table - Svart

Tilboðsverð 295.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 395.000 KR.

FLOS



Sparaðu
20.000 kr.

Arco LED/E27 lampi

Tilboðsverð 299.000 kr.
VERÐ ÁÐUR 319.000 KR.

Skeifan 10, Reykjavík — Hafnarstræti 91-93, Akureyri

Tilboðstímabil: Gildir til 24. desember.



Skoðaðu tilboðin á penninn.is



Afsláttardagar teygjast nú yfir fleiri daga en fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Mikil áhrif vegna afsláttardaga

olafur@frettabladid.is

Greining Rannsóknarseturs verslunarinnar á innlendri kortaveltu í nóvember leiddi í ljós að Dagur einhleypra er vinsælasti afsláttardagur mánaðarins í netverslun en Svartur föstudagur í verslun á staðnum (e. in-store). Sama kemur í ljós þegar dagleg velta nóvembermánaðar er skoðuð fyrir árin 2021 og 2020.

Rúmlega 4,9 prósent af kortaveltu á staðnum í nóvember fóru í gegnum greiðslukerfi fyrirtækja þann 25.11, á Svörtum föstudegi. Hlutfall kortaveltu á staðnum er að jafnaði 3,2 prósent á meðaldeg í nóvember. Rúmlega 12,4 prósent af kortaveltu á staðnum fóru í gegnum greiðslukerfi fyrirtækja þessa þrjá afsláttardaga. Það jafngildir meðalveltu upp á tæpa 3,2 milljarða króna hvern afsláttardag á meðan meðalvelta var rúmlega 1,8 milljarðar aðra daga mánaðarins.

»

Dag einhleypra bar upp á föstudag í ár sem hafði áhrif á verslun.

Af innlendri kortaveltu má greina áhrif afsláttardaganna í nóvember en einnig sjást skýr merki um vikudagaáhrif í kortaveltu á staðnum, en sú velta er jafnan mest á föstudögum og minnst á sunnudögum. Hlutfall kortaveltu á staðnum þann 11.11. á Degi einhleypra jókst á milli ára en nú lenti sá dagur á föstudegi í ár svo líklega vega vikudagaáhrifin sterkt.

Rúmlega 10,4 prósent af kortaveltu á netinu í nóvember urðu þann 11.11. Hlutfall kortaveltu á netinu er að jafnaði 2,8 prósent á meðaldeg í nóvember. 22,1 prósent af kortaveltu á netinu fór í gegnum greiðslukerfi fyrirtækja þessa þrjá afsláttardaga. Jafngildir það meðalveltu upp á tæpa 1,2 milljarða á meðan meðalvelta var tæplega 330 milljónir aðra daga.

Hlutfall kortaveltu á netinu á afsláttardögum hefur dregist saman á milli ára en kortavelta á netinu í nóvember jókst um 13,4 prósent á milli ára. Mikið bar á því nú að afsláttardagar teygðu sig yfir á aðra daga mánaðarins sem gæti haft áhrif á dreifingu afsláttardagaveltunnar niður á daga en meðalveltan aðra daga mánaðarins jókst um 16 prósent frá fyrra ári. ■



Origo (áður Nýherji) seldi hlut sinn í Tempo fyrir 28 milljarða í október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Origo mögulega afskráð og skipt upp

Hugsanlegt er að Origo verði afskráð úr íslensku kauphöllinni og fyrirtækinu skipt upp, hluti þess jafnvel seldur og áhersla nýrra eigenda muni beinast að arðbærari tekjusamsetningu en nú er til staðar í féluginu.

olafur@frettabladid.is

Alfa Framtak tilkynnti um helgina að sjóður í stýringu þess geri valfrjálst tilboð í allt hlutfé Origo hf., sem er skráð á aðallista Nasdaq Iceland.

Boðin er 101 króna fyrir hvern hlut og tilboðið metur því fyrirtækið á um 14 milljarða króna. Á mánudaginn hækkaði verð hlutabréfa Origo nokkuð í kauphöllinni í viðskiptum innan dags en gengið við lokun markaðar í gær var 99 krónur á hlut. Þetta gefur til kynna að á mánudag hafi einhverjir fjárfestar búist við að Alfa myndi hækka tilboð sitt áður en yfir lyki en svo hafi dregið úr væntingum um slíkt.

Valfrjálst tilboð felur í sér að tilboðsgjafi setur ekki skilyrði um að tiltekinn hundradshluti núverandi hluthafa gangi að tilboðinu eins og oft er gert.

Tilboðið er lagt fram í nafni AU22 ehf., sem þegar á 25,8 prósent í félaginu.

Í tilkynningunni, sem send var til kauphallarinnar um helgina, kemur fram að Alfa Framtak hafi fylgst náið með Origo og „aðáunarverðri



Gunnar Páll Tryggvason er framkvæmdastjóri Alfa Framtaks sem gert hefur tilboð í öll hlutabréf í Origo.

vegferð starfsmanna, stjórnenda og eigenda félagsins við uppbyggingu eins öflugasta upplýsingatæknifélags Íslands“.

Ákveðin kaflaskil hafi nú átt sér stað hjá félaginu í kjölfar sölu Tempo til fjárfestingasjóðsins Diversis Capital og Alfa Framtak vilji taka þátt í þeim umbreytingum sem séu fylgifiskur slíkra kaflaskila í samvinnu við stjórnendur og aðra hluthafa með því að skerpa enn frekar á þjónustuframboði og skipulagi félagsins.

Í október seldi Origo 40 prósent hlut sinn í Tempo fyrir 28 milljarða, sem þá nam því sem næst heildar-

»

Mun meiri framlegð er í hugbúnaðargeiranum en í tækjasölu-geiranum.

virði alls félagsins í kauphöllinni. Hagnaðurinn af sölnunni nam 22 milljörðum.

Alfa Framtak boðar og að til skoðunar komi hvort Origo verði afskráð úr kauphöllinni til að „skapa aukinn sveigjanleika fyrir þær breytingar sem ráðast þarf í.“

Eftir sölna á Tempo kemur stærri hluti tekna Origo frá sölu á tölvum og öðrum tækjum en af þróun hugbúnaðar, sölu á honum og þjónustu honum tengdum. Framlegð af hugbúnaðarstarfsemi er þó mun meiri en framlegð af tækjasölu. Verðmæti Tempo fólst einmitt að mestu í sterkri stöðu þess félags á sviði hugbúnaðar.

Aðilar á fjármálamarkaði sem kunnugir eru tæknigeiranum og Markaðurinn ræddi við telja að

»

Tekjur Origo koma nú í mun meira mæli frá tækjasölu en af þróun og sölu á hugbúnaði og þjónustu í tengslum við hann.

þeir sem eru á bak við tilboðið hyggist skerpa á hugbúnaðarsviði Origo því að þar felist meiri tækifæri en í tækjasöluhlutanum. Lykilstjórnendur Origo búi yfir reynslu og þekkingu sem sé dýrmæt í slíku verkefni. Sumir spá því að Origo verði afskráð úr kauphöllinni og tækjasöluhlutinn seldur frá félaginu til að það geti einbeitt sér á arðbærari markaði.

Ljóst er að Alfa Framtak stendur ekki eitt að baki tilboðinu. Félagið er með 22 milljarða í stýringu sem gefur því svigrúm til að leggja um það bil þrjá milljarða í kaupin. Viðmælendur Markaðarins telja líklegt að einhverjir lífeyrissjóðir komi að borðinu, auk þess sem byggt verði að hluta á lántöku. Allt er þetta þó háð því að kaupin gangi eftir. ■



ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT

Óskaskrín

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Gleðileg jól og
farsælt komandi ár



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss

Kínverjar svífa inn á flugmarkaðinn



Helgi Steinar Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Fyrsta kínverska farþegaþotan var afhent fyrir helgi og mun áætluð jómfrúarferð hennar fara fram næsta vor. Viðskiptaáætlun framleiðanda þotunnar er metnaðarfull en framleiðandanum gæti reynst erfitt að keppa við Boeing og Airbus.

Í seinustu viku varð China Eastern Airlines fyrsta flugfélagið í heiminum til að fá afhenta Comac C919-farþegaþotu. Flugvélin er sú fyrsta sinnar tegundar sem framleidd er í Kína og markar hún mikil tímamót í samkeppni Kínverja við Airbus og Boeing.

Þotan er smíðuð af kínverska ríkisrekna fyrirtækinu Comac og er hún hugsuð sem eins konar keppinautur við Airbus A320neo og bandarísku Boeing 737 Max flugvélar. Vélin á rætur að rekja til ársins 2008 þegar framleiðandinn Comac var stofnaður.

Það hefur ekki enn fengist staðfest hve miklum fjármunum kínverska ríkið hefur veitt í þetta verkefni, en sérfræðingar telja það vera á milli 49 til 72 milljarðar Bandaríkjadala. Xi Jinping, forseti Kína, hefur lagt mikla áherslu á að þjóðin framleiði sína eigin farþegaþotu en fram til þessa hefur Boeing verið helsti söluaðili á kínverskum flugmarkaði.

Boeing býr yfir meira en 100 ára reynslu í flugiðnaði en Kínverjar byrjuðu aftur á móti ekki að prófa sig áfram í þeim geira fyrr en á áttunda áratug seinustu aldar. Á tíunda áratugnum fór eftirspurn eftir flugferðum í landinu ört vaxandi og árið 2017 framleiddi Boeing meira en 200 nýjar flugvélar fyrir kínverska markaðinn.

Á sama ári hófu hins vegar bandarísku og kínversku ríkisstjórnirnar viðskiptastríð og í framhaldi af því stöðvuðu Kínverjar allar nýjar pantanir frá Boeing. Með þeirri ákvörðun opnaðist gluggi fyrir innlendan framleiðanda.

Hönnunin á Comac C919-vélinni er ekki mjög frábrugðin hinni sigildu Boeing 737 Max. Báðar eru með einn gangveg, eru jafn breiðar og rúma svipaðan farþegafjölda. Hreyflar beggja flugvéla eru einnig mjög svipaðir en þeir eru frá fyrirtækinu CFM, sem er sameiginlegt verkefni bandaríska fyrirtækisins General Electric og hins franska fyrirtækis Safran.


Comac C919 er smíðuð í Kína en reidir sig engu að síður á erlenda varahluti og hefur það skapað ákveðin vandamál fyrir framleiðandann. Sérfræðingar innan fluggeirans segja að alþjóðlegir samstarfsaðilar hafa verið hikandi við



Sérfræðingur í flugmálum segir C919-farþegaþotuna vera tilraun til að auka sjálfstæði Kínverja í flugvélaframleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kínverjar framleiða sína fyrstu farþegaþotu

China Eastern Airlines varð fyrsta flugfélagið til að fá afhenta Comac C919-flugvél og markar það mikil tímamót í samkeppni Kína við Airbus og Boeing.



að afhenda hátækniþúnað til kínverskra fyrirtækja sökum ótta við brot á hugverkarétti. Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur í gegnum tíðina ásakað Kína um að stela hátækniupplýsingum og var Comac um tíma sett á svartan lista hjá Bandaríkjastjórn yfir fyrirtæki sem

sögu voru styðja kínverska herinn. Annað sem gæti valdið Comac erfiðleikum í framtíðinni er viðhald á C919-flugvélunum. Framleiðendur eins og Boeing og Airbus hafa í gegnum árin byggt upp alþjóðlegt tengslanet en það gæti reynst alþjóðlegum flugfélögum erfitt að



Eftirspurnin er svo mikil að þetta er eiginlega nauðsynlegt.



Eyjólfur Vestmann Ingólfsson, rekstrarstjóri Inter Continental Aviation

gera við sínar Comac-þotur ef allar viðgerðir þurfa að fara fram í Kína.

Eyjólfur Vestmann Ingólfsson, rekstrarstjóri hjá Inter Continental Aviation, segir að innleiðing Comac á flugmarkað muni ekki koma til með að hafa neikvæð áhrif á samkeppnisaðila. Fyrirtækin Boeing, Airbus og Embraer hafa einfaldlega ekki náð að anna gríðarmikilli eftirspurn eftir minni farþegaþotum á alþjóðavísu.

„Ég held að þetta sé mjög gott fyrir framboðið á þessum markaði. Eftirspurnin er svo mikil að þetta er eiginlega nauðsynlegt. En svo er auðvitað punktur líka að Kínverjar eru með þessu að gera tilraun til að vera ekki eins háðir Evrópu og Bandaríkjunum með flugvélaframleiðslu,“ segir Eyjólfur. ■

Gana og AGS sættast á yfir fjögur hundruð milljarða neyðarlán

helgisteinar@frettabladid.is

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tilkynnti í gær að hann hefði samið við ríkisstjórn Gana um 426 milljarða króna neyðarlán, en vestur-afríska þjóðin glímur við mikla efnahagskreppu um þessar mundir.

Ríkisstjórn Gana, sem er þegar mjög skuldbætt, stendur frammi fyrir sögulega hárra verðbólgu, um 40 prósentum. Ganverski gjaldmiðillinn, cedi, hefur einnig tekið á sig gríðarlegt högg í kjölfar stríðsins í Úkraínu.

„Það gleður mig mjög að tilkynna að AGS og ganverska ríkisstjórnin hafa samið um þriggja milljarða dala lán sem dreift verður yfir þriggja ára tímabil,“ segir Stephanie Roudet, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Gana.

Talsmenn AGS segjast vonast eftir því að lánið muni hjálpa Gana að endurheimta stöðugleika og sjálfbærni í skuldaferli sínu. Samkomulagið verður yfirfarið í Washington þar sem framkvæmdastjórn sjóðsins mun veita lokasamþykki sitt fyrir því.

Nana Akufo-Addo, forseti Gana, hefur mátt þola mikla gagnrýni vegna viðbragða sinna við efnahagskreppu landsins og þá sérstaklega fyrir það að leita aðstoðar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Forsetinn fullyrti fyrir fjórum árum að þjóð hans þyrfti ekki lengur á utan- aðkomandi aðstoð að halda.

Íbúar Gana hafa þurft að búa við sihækkandi verðlag og óttast nú að lánið muni neyða ríkisstjórnina til að grípa til íþyngjandi niðurskurðaraðgerða.



Nana Akufo-Addo, forseti Gana, hefur verið gagnrýndur vegna viðbragða sinna við efnahagskreppu landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Efnahagur landsins hefur verið aðkrepptur frá því í byrjun árs 2022 og hækkaði verðbólga meðal annars úr 13,9 prósentum í janúar í 37,2 prósent í september.

Sumir sérfræðingar segja aftur á móti að opinberar tölur standist ekki og að raunveruleg verðbólga gæti jafnvel verið í kringum 98 prósent. Verð á bensíni og dísilolíu í landinu hefur til að mynda hækkað um 88,6 prósent og 128,6 prósent og gjald fyrir almenningssamgöngur hefur hækkað um 100 prósent.

Gana er mikill gull- og kakó-framleiðandi og býr yfir miklum gasforða, en greiðslubyrði lána hefur rokið upp úr öllu valdi. Þar að auki hefur stríðið í Úkraínu haft gríðarlega neikvæð áhrif á efnahag þjóðarinnar, sem og stóran hluta Vestur-Afríku. ■

Nauðsynlegt að minnka kolefnisspor heimila



Guðmundur
Gunnarsson
ggunnars@
frettabladid.is

Nýsköpunarfyrirtækið FÓLK Reykjavík vinnur að því að minnka kolefnisspor heimila með aðferðum umhverfis-vænnar hönnunar. Fyrirtækið tryggði sér á dögunum rúmlega 100 milljóna króna fjármögnun og hefur stofnað dótturfélag í Danmörku.

FÓLK Reykjavík hannar, þróar, framleiðir og selur íslenska hönnun en leggur sérstaka áherslu á umhverfis-sjónarmið og sjálfbærni.

Fyrirtækið hefur nú tryggt sér rúmlega hundrað milljóna króna fjármögnun frá Eyri Vexti og Vækst-fonden í Danmörku. Fjármagnið verður nýtt til að byggja upp alþjóðlegt sölu- og markaðskerfi fyrirtækisins en það var fyrir skemmstu valið Besta fjárfestingin í íslenskri hönnun á Íslensku hönnunarverðlaunum.

FÓLK Reykjavík hefur stofnað dótturfélag í Danmörku og framundan er fjölgun starfsmanna til að styðja uppbyggingu félagsins.

Ragna Sara Jónsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri FÓLKS Reykjavíkur, segir þessa innspýtingu viðurkenningu á þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir.

„Tölur frá Danmörku sýna að 39 prósent af kolefnisfótspori heimila skapast af þeim hlutum sem heimil-in kaupa. Og við sjáum það og trúum að með hönnun og hönnunarhugsun sé hægt að breyta þessum tölum. Það skiptir gríðarlegu máli í stóru samhengi allra okkar umhverfis-áskorana.“

Ragna Sara segir vel hægt að hanna þá hluti sem við notum innan veggja heimilisins með umhverfis-vænni hætti en alla jafna er gert. „Það er kjarninn í því sem við viljum breyta.“

En það eru víða ljón í veginum að mati Rögnu. „Við búum í mjög einnota hagkerfi þar sem við notum hluti til skamms tíma og losum okkur svo við þá. Þessir hlutir enda svo í landfyllingu eða eru brenndir án þess að við séum mikið að velta því fyrir okkur.“

Okkar stóra áskorun hjá FÓLKI Reykjavík felst meðal annars í að breyta hugarfari og aðstoða neytendur við að velja umhverfisvænni vörur.“



Ragna bendir á að húsgögn og hlutir sem fólk notar í dag hafi mörg hver verið hönnuð á þeim tíma þegar framleiðendur og hönnuðir þurftu ekki að hafa áhyggjur af kolefnis- og umhverfisfótspori framleiðslunnar.

„Þannig að tækifærin til að gera betur eru gríðarleg og við þurfum að hanna okkur inn í nýja tíma þar sem umhverfisvænni lögmál gilda.“

En þetta eru stórar áskoranir. Kerfin okkar eru ekkert endilega tilbúin til að laga sig að breyttri nálgun í einni svipan. En með mikilli vinnu allra sem koma að ferlinu frá því að hugmynd að vöru verður til og þangað til við losum okkur við hana, aukum við líkurnar á að við færumst nær hringrásarvænna hagkerfi.“

Ragna Sara nefnir þátt söluaðila í

Ragna Sara Jónsdóttir, stofnandi FÓLKS Reykjavíkur, segir fyrirtækið sjá fram á landvinninga í Evrópu.

MYND/ÆSEND

”

Við þurfum að hanna okkur inn í nýja tíma þar sem umhverfis-vænni lögmál gilda.

Þessu samhengi. „Við sem neytendur tökum okkar ákvarðanir aðallega út frá verði frekar en þáttum eins og endingu, líftíma eða kolefnisfótspori. En þessi nálgun neytenda er að breytast hratt og þá skiptir máli að öll virðiskeðjan taki mið af því.“

FÓLK Reykjavík mælir kolefnisfótspor sinnar framleiðslu með aðstoð hugbúnaðar en rauði þráðurinn hjá fyrirtækinu er að nýta náttúruleg og endurunnin hráefni í allri hönnun og stuðla þannig að hringrás þess hráfnis sem við notum.

„Við nýtum úrgangsefni eins mikið og við getum. Þar er átt við hráefni sem eru úrgangur eða rusl og myndi annars vera fargað á óumhverfisvænan hátt. Við höfum nýtt úrgangstextíl til að búa til húsgögn og loftpúða úr bílum til að gera púða. Verð á hvers kyns hráefni hefur hækkað mikið að undanförunni og því mikil tækifæri fölgín í því að endurnýta allt sem til fellur.“

Vörur fyrirtækisins eru aðallega seldar í hönnunarverslunum en auk þess vinnur FÓLK Reykjavík með söluaðilum í Þýskalandi, Finnlandi og á Íslandi.

Markmið félagsins er að fjölga söluaðilum í þessum löndum en auk þess horfa til annarra markaða í Evrópu.

„Það er mikil hvatning og viðurkenning að Eyri og Vækstfonden styðji vöxt okkar alþjóðlega. Við sjáum mikil tækifæri í að auka sölu okkar alþjóðlega og halda áfram að beita þeim aðferðum sem við höfum byggt upp á síðustu árum til að auka gagnsæi og gera hönnun að drifkrafti við að draga úr umhverfisfótspori vara,“ segir Ragna Sara Jónsdóttir, stofnandi FÓLKS Reykjavíkur. ■

Elon Musk ekki lengur ríkastur

helgisteinar@frettabladid.is

Elon Musk, framkvæmdastjóri Tesla og nýjasti eigandi Twitter, er ekki lengur ríkasti maður heims samkvæmt skráningu Forbes. Eftir töluverða lækkun á hlutabréfum Tesla hefur hinn franskir framkvæmdastjóri LVMH, Bernard Arnault, tekið við sem ríkasti maður í heimi.

Musk hafði viðhaldið þeim titli alveg frá því í september í fyrra en þar á undan var Jeff Bezos, stofnandi Amazon, fjáðastur meðal manna. Bezos situr nú í fjórða sæti með 116,4 milljarða Bandaríkjadala.

Auður Musk er að mestu leyti bundinn við hlutabréf Tesla en þau féllu um 6,3 prósent á mánuðaginn og hefur verðmat þeirra lækkað um meira en helming á þessu ári, að hluta til vegna yfirtöku Musk á samfélagsmiðlinum Twitter. Í samanburði hafa hlutabréf LVMH aðeins lækkað um 1,5 prósent það sem af er þessu ári.

Samkvæmt gögnum frá FactSet á Elon Musk 14,11 prósent af hlutabréfum Tesla og um 40 prósent af öllum hlutabréfum SpaceX sem hefur bætt verulega við auð hans. Í byrjun árs var auður Musk metinn á 304,2 milljarða Bandaríkjadala en er nú metinn



Elon Musk hefur tapað háum fjárhæðum á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

»

Elon Musk hefur tapað meiri peningum á þessu ári en sem nemur öllum auði Jeff Bezos samanlagt.

á 178,6 milljarða. Það þýðir að Elon Musk hefur tapað meiri peningum á þessu ári en sem nemur öllum auði Jeff Bezos samanlagt.

Bernard Arnault er þekktastur fyrir að hafa byggt upp stærstu lúxussamsteypu heims sem heldur utan um vörumerki á borð við Louis Vuitton, Tiffany, Tag Heuer og Céline. Arnault á um 60 prósent hluta í LVMH og samkvæmt Forbes er auður hans metinn á 187,1 milljarð Bandaríkjadala. ■

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingum deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 4. áfanga og tillögu að breytingu deiliskipulags Molduhrauns í samræmi við 1. mgr. 43. greinar og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lautargata 1, 3 og 5. Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 4. áfanga.

Tillagan gerir ráð fyrir því að ein hæð bæstist við undir aðkomuhæð til aðlögunar að landslagi. Hæðarkóti aðkomuhæðar breytist ekki. Íbúðum á hverri lóð er fjölgað um tvær, úr 8 í 10 og eru viðbótar-íbúðir undir 90 m² að stærð. Heildarfjöldi íbúða á lóðunum þremur hækkar úr 24 í 30. Ákvæði um eitt gestastæði á lóð er felld niður en gott framboð er af gestastæðum innan í götunni.

Austurhraun 9 – Tillaga að breytingu deiliskipulags Molduhrauns

Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingareitur fyrir stakstæðar byggingar sé felldur út og í stað þess stækki byggingarreitur lóðarinnar til norðvesturs.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 25. janúar 2023, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



Hringl með fólk og fjármuni



Garðar Örn
Úlfarsson
gar
@frettabladid.is

Ferðalag íraskrar fjölskyldu og fleiri fram og aftur blindgötuna í íslensku réttarkerfi og stjórnsýslu og út í heim og til baka hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. Raunir þessa fólks eru átakanlegar og erfitt fyrir okkur sem hér erum á fleti fyrir að setja okkur í hin þungu spor sem það hefur þurft að stíga.

En þetta skritna sjónarspil afhjúpar auðvitað einnig ónýtt kerfi sem býður reglulega upp á slíkar harðneskjulegar uppákomur með ómældum þjáningum fyrir alla sem að koma ásamt því að fjármunum er kastað í tóma vitleysu með því að senda fólk úr landi í fjölfaldri lögreglufylgd.

Nú hefur sama ríkisstjórnin setið hér við völd í heil fimm ár en samt virðist flokkunum sem að baki henni standa vera fyrirmunað að koma hér upp stefnu og regluverki sem kemur í veg fyrir langdregna harmleiki eins og þá sem útspila sig æ ofan í æ á kostnað landflótta fólks og þeirra sem hér búa.

Viðfangsefnið er að sönnu ekki einfalt en hvernig má það vera að öllu því einvalaliði sem telur sig eiga erindi á Alþingi og situr þar nú takist ekki betur upp en þetta fyrir okkar hönd?

Réttar forsendur

Heimsmeistaramótið í fótbolta er öldungis frábær viðburður fyrir unnendur þessarar æðstu íþróttar allra íþróttá í hvert sinn sem það fer fram. Úti um alla jarðarkringluna er fólk sem ann þessu stórmerka fyrirbrigði.

Áhuginn virðist þó beinast að mismunandi hliðum fótboltans. Á meðan flestir eru eðlilega uppteknir af listinni sjálfri og kappleikum í mótlæti jafnt sem meðbyr þá eru aðrir sem sjá þar fyrst og fremst fjárhagslegan ávinning. Kannski er það ágæt blanda. Verra er hins vegar ósvífna leiðindapakkið sem sér heimsviðburði á íþróttasviðinu sem tækifæri til að fegra sína eigin imynd og ná pólitískum markmiðum.

Íslendingar ættu kannski að íhuga að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að leikmennirnir og áhugafólk um íþróttina sjálfa geti endurheimt fótboltann og fengið að fylgjast með HM án þess að vera með óbragð í munnum. Það hlýtur bara að vera mögulegt. ■

Halldór



Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Óvænt veikindi

Hætt er við að áköfustu knattspyrnuáhugamenn þessa Íslands óttist bara eitt um þessar mundir, en það er að þeim verði boðið í eitthvert fjölskylduteiti á næstkomandi sunnudag – og það jafnvel um og upp úr miðjum degi. Altså, á nákvæmlega sama tíma og úrslitaleikurinn á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu fer fram í Katar. Það eru einmitt aldrei meiri líkur á einhverju svona jólaboði en einmitt á aðventunni – og fari svo að það bresti á með boði í nánustu fjölskyldunni, er hætt við að ofangreindir boltabósar leggist í einhver óvænt veikindi og komist hreint ekki að heiman. Við sjáum hvað setur.

Upplifun

Það þarf annars ekki að kvarta undan boltaveislunni sem glatt hefur mann og annan síðustu vikur. Og það verður að segjast alveg eins og er að fleiri leikir en færri hafa verið alveg einstaklega skemmtilegir og lipurlega leiknir. Þar fyrir utan hefur fyrirsjáanleikanum ekki verið fyrir að fara, bæði fyrir mót og á því miðju. Ítalir komust ekki einu sinni á það, Þjóðverjar og Belgar sendir heim í riðlakeppninni, Brasilíumenn í fyrsta útslætti og Marokkó er spútnikkliðið. En það besta við mótið er auðvitað tímasetningin. HM hefur heldur betur lifgað upp á kolsvart skammdegið. ■

Sjö stór skref



Guðlaugur Þór
Þórðarson
umhverfis-, orku-
og loftslagsráð-
herra

Við tókum mörg stór skref í loftslagsmálum á árinu sem er að líða og fleiri verða stigin á næsta ári.

1. Við rufum níu ára kyrrstöðu í orkumálum með afgreiðslu þingsins á þriðja áfanga rammaáætlunar.

2. Við klárðum aflaukningarfrumvarpið sem heimilar stækkun virkjana í rekstri án þess að fara í gegnum rammaáætlun.

3. Við einfölduðum styrkjaumhverfi umhverfisvænnar húshitunar.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir stórum skrefum í loftslagsmálum. Stór verkefni tengd orkuskiptum í samgöngum, jarðhitaleit og ný hringrásarlög eru á döfinni. Næstu skref verða stigin á komandi ári.

4. Einum milljarði verður veitt í styrki til kaupa bíla-leiga á bilum sem ganga fyrir hreinri orku. Markmiðið er að auka akstur ferðamanna á hreinorkubílum og auka um leið hlutfall grænna bifreiða á eftirmarkaði þegar bílaleigur fara í endurnýjun á bílaflotanum sínum.

Undanfarin ár hafa bílaleigur fengið ívilnanir í formi afsláttar á vörugjöldum vegna innkaupa á bilum. Nú munu fjármunirnir einungis fara í græna bíla.

5. 400 milljónir fara í orkuskiptaverkefni á þungaflutningabifreiðum á næsta ári.

Í heildina er því tæpur einn og hálfur milljarður að fara beint í orkuskiptaverkefni í vegasamgöngum til viðbótar við VSK-afslátt sem nemur 1.320 þúsund krónum við kaup á rafbílum.

6. 150 milljónum króna verður veitt í jarðhitaleitarátak en aukin jarðhitaleit og nýting jarðhita á svæðum þar sem nú er notast við raforku og olíu til húshitunar er mikilvægt skref í átt að orkuskiptum og jákvætt skref í loftslagsmálum.

7. Um áramótin taka hringrásarlögin svokölluðu gildi. Með þeim munum við með skilvirkari hætti nýta verðmætin í sorpinu og minnka magnið sem er fargað.

Á næsta ári munum við byggja á þeim góða árangri sem náðist á þessu ári. Við munum halda áfram að taka stór og mikilvæg skref í loftslagsmálum. Við vitum að verkefnið er ærið en við erum á rétttri leið. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Um grundvallaratriði og fagmennsku á leigumarkaði



Gunnar Þór Gíslason
formaður stjórnar
Ölmu leigufélags

Um allan heim ræðst fasteignaverð af byggingarkostnaði annars vegar og markaðsverði hins vegar. Að koma sér upp þaki yfir höfuðið er í raun ævistarf hér á Íslandi fyrir flest fólk og leiðangurinn því miður mikil óvissuferð vegna verðbólgu og vaxtaumhverfis. Nánast rússíbana-reið. Enginn fettir samt finger út í það að verð íbúðarhúsnæðis ráðist af markaðnum á hverjum tíma – og þar geta sveiflurnar verið býsna miklar.

Sumum vex þessi óvissa í augum og kjósa frekar að vera á leigumarkaði. Aðrir velja leigumarkaðinn af því þeir vilja ekki festa sig niður og enn aðrir hafa ekki fjárhagslegar aðstæður til þess að ráðast í íbúðakaup og fara þannig tilneyddir á leigumarkaðinn. Á honum gilda eðlilega sömu lögmál og við fasteignakaup. Leiguverð hlýtur alltaf að fylgja kostnaði og markaði. Rétt eins og kaupverð íbúða. Þegar grannt er skoðað er annað óhugsandi. Og hefur ekkert með græðgi að gera heldur eðlilega framlegð af því fjármagni sem bundið er í rekstrinum.



Sérstakar skyldur við leigutaka eru oftast litlar sem engar og búseturéttur leigjandans afar takmarkaður. Leiguumhverfinu fylgir þannig mikil og stöðug óvissa.

Íbúðafélagið Alma rataði í fjölmiðla í síðustu viku vegna 30% hækkunar á húsaleigu til eins viðskiptavinar. Sumir, jafnvel fjölmiðlar, hafa talað um þessa hækkun í fleirtölu og gefið þannig í skyn að Alma hafi hækkað húsaleigu til allra viðskiptavina sinna um 30%. Það er alrangt. Þær hækkanir sem hluta af leigjendum okkar var tilkynnt um að kæmu til framkvæmda í upphafi næsta árs voru að meðaltali innan við tíu prósent. Þetta tiltekna tilfelli kom upp vegna þess að verið var að uppreikna og endurnýja samning sem upphaflega var stofnað til þegar leiguverð í miðbænum var lágt í miðjum kórónuveirufaraldrinum. Sá veruleiki er allt annar í dag.

Enda þótt breytingin hafi verið fullkomlega eðlileg aðlögun að gjörbreyttu markaðsverði í miðborginni skal, eftir nánari skoðun, fúslega viðurkennt að standa hefði mátt með nærgætnari hætti að tilkynningunni um nýtt leiguverð þegar hækkun var jafn mikil og raun bar vitni. Á því er beðist afsökunar. Um leið vil ég upplýsa að við höfum nú þegar brugðist við vegna þessara mistaka og umræðunnar sem skapaðist í kjölfarið. Við höfum endurskoðað verkferla okkar þannig að við munum héðan í frá setja hækkunum leiguverðs við endurnýjun samninga ákveðin mörk, bæta upplýsingagjöf okkar og samskipti við viðskiptavinum og auka sveigjanleika þeirra leigutaka okkar sem vilja leita á önnur mið.

Samfélag okkar hefur byggt upp sterkt félagslegt kerfi til þess að tryggja þeim hútaskjól sem ekki ráða við ríkjandi markaðsaðstæður.

Til staðar eru líka óhagnaðardrifin leigufélög sem njóta stuðnings ríkis og sveitarfélaga og geta því boðið húsnæði á lægra verði en ella. Alma starfar hins vegar á frjálsum markaði og þarf að vera á samkeppnishæfu verði samhliða því að grundvalla rekstur sinn á eðlilegri afkomu. Það hefur reynst erfiður linudans í því óstöðuga efnahagsumhverfi sem ríkt hefur á Íslandi um langt skeið.

Langstærsti hlutinn af leigu-

markaði íbúðarhúsnæðis á Íslandi er í höndum einstaklinga og verðlagning þeirra ræðst af hinu einfalda lögmáli um framboð og eftirspurn. Sérstakar skyldur við leigutaka eru oftast litlar sem engar og búseturéttur leigjandans afar takmarkaður. Leiguumhverfinu fylgir þannig mikil og stöðug óvissa. Alma býður hins vegar upp á leigusamninga til allt að fimm ára á markaðskjörum. Það þýðir að leigutakar geta gengið

að því visu að raunverð leigunnar hækkar ekki á þeim tíma.

Hlutverk fasteignafélaga á leigumarkaði er, og verður, að festa leiguúrræðin í sessi sem öruggan valkost þeirra sem af alls kyns ástæðum vilja ekki skuldsetja sig upp í rjáfur til þess að „eignast“ sitt eigið húsnæði. Það fólk á engu að síður að geta notið skjóls og skilnings, öryggis og áhyggjuleysis hvað heimili sitt varðar. Alma íbúðafélag leggur sitt

lóð á þær vogarskálar af miklum metnaði. Enn þá erum við einungis með vel innan við 5% markaðshlutdeild á leigumarkaðnum en við höfum jafnt og þétt verið að fjölga leiguíbúðum okkar og auka þannig framboð. Það er bjargföst sannfæring mín að vonduð fasteignafélög á leigumarkaði séu með fagmennsku sinni dýrmætur hluti af framtíðarlausnum í húsnæðismálum þjóðarinnar. ■

SAMSUNG

Galaxy S22 línán

Jólagjöfin í ár



Á myndinni eru Erling Haaland sem líklega er öflugasti framherji í knattspyrnu karla í dag og Galaxy S22 Ultra sem líklega er öflugasti farsími sem hægt er að fá fyrir jólin 2022. Erling skilur norsku en S22 línán skilur íslensku.

Fylgstu með frábærum tilboðum á S22 línunni fyrir jólin.

samsungmobile.is



Flóttafólk og ábyrgð íslenskra yfirvalda



Hjálmtýr Heiðdal
formaður
Félagsins
Ísland-Palestína

Þegar Íslendingar ræða málefni flóttamanna og þau vandamál sem fólksflótti getur skapað – þá er vert að hafa það í huga að íslensk yfirvöld hafa átt þátt í því að skapa flóttamannavanda. Hingað leitar fólk frá Írak og Palestínu – einmitt frá þeim löndum þar sem íslensk yfirvöld lögðu sitt af mörkum til þess að þaðan legði fólk á flótta.

Árið 2003 skrifuðu tveir íslenskir ráðherrar nafn Íslands á lista sem bar nafnið „Bandalag hinna viljugu þjóða,“ þ.e. ríkin sem lýstu opinberlega stuðningi við innrás Bandaríkjanna í Írak, innrás sem var gerð á fölskum forsendum og kostaði mörg hundruð þúsund mannlíf. Þessi innrás eyðilagði lífsviðurværi milljóna og leiddi til fólksflótta frá

eyðileggingunni sem „hinar viljugu þjóðir“ báru ábyrgð á.

Árið 1947 lögðu íslensk yfirvöld lóð sitt á vogarskálarnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og greiddu atkvæði með því að landi Palestínumanna væri skipt milli frumbyggjanna og aðkomufólks frá Evrópu. Afleiðingin varð gifurlegur straumur flóttamanna. Sjö hundruð og fimmtíu þúsund Palestínumenn voru hraktir á brott með hervaldi, alls um 80% landsmanna. Þessi atburður er enn í sjöunda sæti yfir stærstu flóttamannavandamál í nútíma. Flóttamannastraumurinn frá Úkraínu er í öðru sæti þar sem rúmar fimm milljónir, tæp 10% landsmanna, hafa hrakist af heimilum sínum. Sýrland trónar í efsta sæti þar sem einnig um 10% landsmanna hafa leitað skjóls frá hernaðaráttökum.

Íslendingar voru stoltir af framlagi sínu sem siðar leiddi til stofnunar Ísraels. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins sagði í ræðu á þingi 1988:

„Ég hygg að aldrei hafi áhrif Íslands verið eins afgerandi og örlagarík á alþjóðavettvangi svo



sem hér varð raun á. Þetta sýnir hvers við erum megnugir þegar hinir mikilhæfustu menn halda á málum þjóðarinnar.“

Í dagblaðsleiðara árið 1988 var skráð: „Fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum átti fyrir fjórum áratugum mikinn þátt í að fá samtökin til að viðurkenna Ísrael með því að samþykkja skiptingu landsins.“

Í dag kúga stjórnvöld í Ísrael Palestínumenn sem aldrei fyrr, stela landi þeirra og hrekja þá af heimilum sínum. Íslenskir ráðamenn hafa þó ekki mörg orð um það ástand eða augljósa ábyrgð sína. Í dag ber ekki á miklu stolti íslenskra ráðamanna vegna þátttöku í „Bandalagi hinna viljugu þjóða“. Þó var smá gleði sýnileg þegar íslenskir sprengju-

sérfræðingar „uppgötvuðu fyrstu efnavopnin sem fundust í Írak“. Þetta reyndist rangt eins og sjálfar forsendur innrásarinnar, engin efnavopn fundust í Írak.

Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóðanna og bera sína ábyrgð á vandamálum flóttamanna eins og hér hefur verið lýst. Enn fremur ber að hafa það í huga að Íslendingar sjálfir hafa lagt á flótta undan náttúruhamförum. Fjórðungur þjóðarinnar flúði vesöldina sem ríkti í landinu og hélt til Vesturheims í lok nítjándi aldar og byrjun þeirrar tuttugust. Í janúar 1973 flúðu allir íbúar eldgosið í Vestmannaeyjum sem ógnaði heimabyggð þeirra.

Flóttamannavandamál leysast best með því að heimabyggðin losni við ógnir af völdum náttúrunnar eða hernaðaráttaka, að ástandið batni eins og gerðist á Íslandi. Fólksflóttinn vestur um haf hætti og Vestmannaeyjar eru áfram í byggð.

Þar til að slíkt gerist í Írak, Palestínu, Sýrlandi, Úkraínu og víðar eignum við að hjálpa öllum þeim sem við getum hjálpað. ■

Í ofbeldissambandi við sjálfa/n sig



Sara Pálsdóttir
dáleidari,
orkuheilari
og lögmaður

„Þú ert alger aumingi, þú ert ljót/ur, feit/ur, þú ert ómöguleg/ur, þér mun mistakast, aðrir eru að dæma þig, þú ert að segja eitthvað vitlaust, gera eitthvað vitlaust, hvað er að þér, geturðu aldrei gert neitt rétt, þú ert vonlaus ...“

Kannast þú við svona hugsanir?

Í mörg ár beitti ég sjálfa mig grimmilegu andlegu ofbeldi með neikvæðu sjálfsníðurrífi og sjálfs-ásökun. Ég gerði mér enga grein fyrir því hversu skaðlegt og vont þetta ofbeldi var sem ég beitti sjálfa mig, daglega.

Ég var líka rosalega veik. Glímdi við fíknisjúkdóm. Sjálfshatrið og fyrirlitningin gerði það að verkum að það var óbærilegt að vera ég. Þar af leiðandi flúði ég sjálfa mig



og leitaði í breytt ástand. Ég glímdi líka við alvarlegan kvíða, ofsakvíða, sjþreytu, vöðvabólgu og króníska verki.

Ég var orðin mjög örvæntingarfull. Krónísku verkirnir gerðu það að verkum að ég átti orðið mjög erfitt með að klára heilan vinnudag. Kl. 12 á hádegisþurfti ég að leggjast niður og hvíla mig, ég var svo þreytt

og verkjuð. Ég var ekki orðin þrítug.

Ég óttaðist að verða öryrki. Að geta ekki framfleytt mér og mínum. Ég lifði í stöðugum ótta um að eitthvað hræðilegt væri að fara að gerast. Stundum vaknaði ég upp á næturnar með ofsakvíða. Þvílíkur viðbjóður.

Í dag hef ég öðlast frelsi frá þessu öllu. Með því að öðlast heilbrigft

samband við sjálfa mig og læra að stýra hugsunum mínum og líðan minni, hef ég öðlast heilbriggt og stórkostlegt líf.

Ég er aldrei verkjuð, frjáls frá kvíða, ég elska mig skilyrðislaust og hef skipt út neikvæða sjálfs-níðurrífinu fyrir jákvæða sjálfs-uppbyggingu, kærleika og sjálfs-mildi. Ég er orkumikil, glöð og þakklát alla daga. Þegar ég er búin í vinnunni á ég meira en næga orku eftir til að sinna börnunum, heimilisverkum, fara út með hundinn. Ég hef yfirgefið starf mitt sem lögmaður og helgað starf mitt því að hjálpa öðrum að fá frelsi frá kvíða og öðrum neikvæðum einkennum. Í hverri viku sé ég skjólstæðinga mína sigra kvíða, þunglyndi, þreytu og aðra vanlíðan. Lykilskef í það frelsi er að hætta að beita sjálfan sig andlegu ofbeldi og fara þess í stað að elska sig skilyrðislaust og stunda jákvæða sjálfsuppbyggingu.

Ég var nýlega gestur Ásdísar Olsen í þættinum Undir yfirborðið þar sem ég fjalla um leiðina til frelsis og hvernig við getum elskað okkur og hætt að brjóta okkur niður. Í



Lykilskef í það frelsi er að hætta að beita sjálfan sig andlegu ofbeldi og fara þess í stað að elska sig skilyrðislaust og stunda jákvæða sjálfsuppbyggingu.

þættinum er farið með áhorfendur í leidda hugleiðslu eða daleiðslu til að hjálpa fólki að stíga þetta skref.

Þátturinn er aðgengilegur á vef Hringbrautar. Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér þetta betur er ég með fyrirlestra og hugleiðslu til að hjálpa þér að hætta neikvæðu sjálfsníðurrífi inni í Facebook-grúppunni minni Frelsi frá kvíða. ■

EKKO á vinnustað



Ingibjörg Loftsdóttir
sviðsstjóri for-
varnasviðs VIRK

Í kjölfar #meetoo byltinganna hefur umræða um hvers kyns kynferðislegt ofbeldi komist í hámaili og í því sambandi er ekki úr vegi að minna á að vinnumarkaðurinn hefur þar skyldum að gegna.

Samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn EKKO (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi) ber atvinnurekendum að fyrirbyggja hvers kyns valdbeitingu í vinnuumhverfi, stöðva hana ef hún kemur upp og grípa til aðgerða sem miða að því að kanna mál og leita lausna.

Eftirfarandi skilgreiningar koma fram í reglugerðinni um einstaka hluta EKKO:

Einelti: Siendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðana-ágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auð-



Vinnustaðapartí og skemmtanir þar sem áfengi kemur við sögu er ekki óþekktur vettvangur kynferðislegrar áreitni.

mýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handa-höfskennda sviptingu frelsis.

Rannsóknir á kynferðislegri áreitni bæði hér á landi, á Norður-löndunum og einnig á alþjóðlegum

vettvangi sýna t.d. að hlutfall þeirra kvenna sem hafa upplifað slíka áreitni á vinnustað einhvern tíma á starfsferlinum hefur mælst allt að 25 til yfir 30%. Konur eru í miklum meirihluta sem þolendur að kynferðislegri áreitni og karlar sem gerendur. Oft spilar valdaójafnvægi á vinnustað einnig inn í og gerendur þá herra settir en þolendur. Kynferðisleg áreitni getur verið falin og samofin þeirri menningu sem ríkir á vinnustað. Vinnustaðapartí og skemmtanir þar sem áfengi kemur við sögu er ekki óþekktur vettvangur kynferðislegrar áreitni.

Brot geta verið refsiverð

Það er vert að vekja athygli á því að brot tengd t.d. kynferðislegri áreitni geta verið refsiverð eins og fram kemur í 199. gr. Almennra hegningarlaga (1940/19). Um getur verið að ræða hegðun svo sem að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum/brjóstum innan klæða sem utan. Enn fremur táknrænni

hegðun eða orðbragð sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.

Það er síðan athyglisvert að ef brot kemur upp á vinnustað sem hefur ekki sett sér verklagsreglur um slík tilvik getur vinnustaðurinn mögulega frekar verið skaðabótaskyldur en vinnustaður sem hefur sett sér reglur.

Þessa dagana stendur yfir vitundarvakning á vegum VIRK Starfsendurhæfingarsjóds sem er ætlað að vekja athygli á KK þáttum EKKO-vandans og vonandi fá fram umræðu á vinnustöðum landsins. Horfumst í augu við að þó að upplifun sumra sé að „það megi ekkert lengur“ þá hefur það aldrei mátt heldur hafa þolendur borið byrðarnar til alltof langs tíma.

Á velvirk.is má lesa meira um EKKO og kynferðislega áreitni og finna ýmis góð ráð fyrir vinnustaði. Þar má einnig finna veggspjöld sem vinnustaðir geta prentað út eða óskað eftir. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 14. desember 2022

KYNNINGARBLAÐ



Bresk börn deila fjárhagsáhyggjum foreldra sinna fyrir komandi jólatíð.

Bresk börn gefa afmælispeninga

thordisg@frettabladid.is

Fjórðungur breskra barna hyggst gefa útivinnandi foreldrum sínum afmælis- eða vasapeningana sína til að hjálpa þeim að dekkja jóla-útgjöldin í ár.

Þetta kemur fram í skoðana-könnun bresku hjálparsamtakanna Action for Children. Könnunin fór fram í nóvember um gjörvallt Bretland og var úrtakið 2.732 foreldrar á vinnumarkaði og börn þeirra á aldrinum 8 til 17 ára.

Í könnuninni kom fram að meira en helmingur foreldranna, eða 53 prósent, sagðist hafa haft fjárhagsáhyggjur síðasta hálfu árið, með tilheyrandi svefnleysi, versnandi andlegri heilsu og reiðiköstum fyrir framan börnin.

Þá sagðist eitt af hverjum fimm foreldrum óttast að eiga ekki fyrir jólagjöfum þessi jól.

Engin ósk til jólasveinsins

Í könnuninni kom einnig fram að sumar fjölskyldur væru tilneyddar til að veðsetja raftæki sín til að eiga fyrir mat handa börnunum og að eitt barn ætti ekki rúm og svæfi á teppi í staðinn. Þá sagðist lítil stúlka ekki ætla að biðja jólasveininn um neitt í ár því það myndi gera móður hennar of dapra.

Hjálparsamtökin veita nú æ oftast neyðaraðstoð til fjölskyldna í fjárhagsvandræðum. Það hefur hrundið af stað sinni árvissu herferð „Secret Santa“ þar sem almenningi gefst kostur á að láta fé af hendi rakna til berskjaldaðra barna, svo sem jólagjafir, hlý vetrarföt og mat. ■



Úlfar Konráð Svansson (t.v.), höfundur Landvarðanna, og Óliver Þorsteinsson, höfundur Kafteins Íslands og bókaútgefandi.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Standa saman til betri árangurs

Íslensku ofurhetjurnar Atlas, Íra og Avion kynnast Kafteini Íslandi í nýjustu bókinni um Landverðina sem kom út nýlega. Allur hagnaður af bókinni rennur til Barnaspítala Hringins. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILABOKA?

Fæst í helstu apótekum • www.celsus.is



Nýlega kom út þriðja bókin um íslensku ofurhetjurnar Landverðina. Bókin, sem heitir Landverðirnir & Kafteinn Ísland: Fyrstu íslensku ofurhetjurnar, er með breyttu sniði í ár þar sem hún er bæði lita- og þrautabók með söguþræði segir Úlfar Svansson, einn af rithöfundum bókarinnar. „Í þessari æsispennandi lita- og þrautabók sameinast Landverðirnir og Kafteinn Ísland í fyrsta skipti. Saman takast þau á við að berjast við illmennni landsins, á borð við Tjöruna, með hjálp lesandans sem þarf að leysa þrautir og sýna eigin ofurkrafta í verki.“

Í bókinni er lesandanum einnig boðið upp á að búa til sínar eigin ofurhetjur og illmennni. „Landverðirnir vilja sjá listamanninn sem býr innra með okkur öllum, hver veit nema að þín teikning verði með í næstu bók um Landverðina. Lesendur geta lítað sínar uppáhalds íslensku ofurhetjur, hjálpað þeim að leysa þrautir og stöðva illmennni bókarinnar ásamt því að búa til sínar eigin ofurhetjur. Þetta verkefni snýst um að gera öðrum gott, því það er það besta sem við getum gert.“

Hugrekki og vinátta grunnurinn


Fyrri tvær bækurnar um Landverðina komu út árin 2020 og 2021 og heita Landverðirnir – Atlas og Avion og Landverðirnir 2: Íra. „Landverðirnir eru hópur af íslenskum ofurhetjum sem eiga það allar sameiginlegt að bera ofurkraft íslensku náttúrunnar. Atlas stjórnar vatninu, Íra stjórnar ísnum, Avion stjórnar vindinum og illmennnið Azar stjórnar eldinum. Markmið Landvarðanna er að stöðva Azar og hamfarateymi hans sem hafa valdið náttúruhamförum á Íslandi. Til þess að takast það þurfa þau að sýna hugrekki og vináttu. Það þarf að standa saman til þess að láta gott af sér leiða.“



Sterkur hópur á bak við Landvarðabækurnar

Upphafið af bókunum um Landverðina má rekja til æskuvinanna Úlfars Konráðs Svanssonar og Dags Lárussonar frá Hafnarfirði sem byrjuðu að skrifa sögurnar um Landverðina árið 2019 eftir að hafa séð Tom Holland mæta sem Spider Man upp á barnspítala í Bandaríkjunum.

„Hugmyndin hjá strákunum var að skapa íslenskar ofurhetjur sem gætu látið gott af sér leiða hér á landi“, segir Óliver Þorsteinsson, einn af höfundum bókarinnar og útgefandi hennar. „Fannar Georg kom næstur inn í teymið með sinn hæfileika sem listamaður og teiknari. Hann hannaði ofurhetjurnar út frá veikum hugmyndum rithöfundanna og úr varð teymið Landverðirnir. Ég sjálfur er eigandi Leó bókaútgáfu sem gefur bækurnar út og kom sterkur inn í teymið fyrir þessa þriðju bók okkar þannig að við gátum gefið hana út í tæka tíð. Listamaðurinn Arnar Marvín myndskreytti svo lita- og þrautabókina ásamt Fannari Georg.“



Landverðirnir eru hópur af íslenskum ofurhetjum sem eiga það allar sameiginlegt að bera ofurkraft íslensku náttúrunnar.

Úlfar Svansson



sér í eintak af nýju bókinni og taka þannig þátt í þessu skemmtilega ævintýri með Landvörðunum og Kafteini Ísland.“

Björt framtíð

Framtíðin er björt hjá Landvörðunum, segja þeir Úlfar og Óliver. „Það bætist stöðugt við persónuflóru bókanna og við erum strax tilbúnir með næstu bók þar sem við kynnum tvo nýja karaktæra til leiks, systkinin Flóru og Agor sem stjórna gróðrinum og steinum landsins. Á sama tíma eru Landvarðaleikföng á leiðinni í takmörkuðu upplagi sem listakonan Hildur Hörn hefur hannað og handmálað frá grunni. Þetta er bara rétt að byrja hjá okkur í Landvörðunum.“ ■

Nánari upplýsingar á Facebook (@landverdirofficial).



Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummi@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Mjólkurþistill gerir lífið léttara um jólin

Hrafnhildur Hákonardóttir hefur tekið Mjólkurþistil frá ICEHERBS um árabíl og segir bætiefnið vera daglegan gleðigjafa. Mjólkurþistillinn er þekktur fyrir hreinsandi áhrif og það veitir svo sannarlega ekkert af því yfir hátíðarnar.

Hrafnhildur hefur þjáðst af slitgigt síðastliðin sex ár og segir mjólkurþistilinn hafi bætt liðan sína til muna. Hún tekur líka D-vítamín, Magnesium með fjallagrös, Astaxanthin og stundum fjalla-grös, allt frá ICEHERBS.

„Það er nú kannski svolítið þjatt- að hjá mér, en ég heillaðist fyrst af þakkingunum en er nú aðallega hrifin af þeim því bætiefnin frá ICEHERBS eru náttúruleg og hrein. Allar upplýsingar eru á íslensku og boxin fara vel í eldhússkúfunni og ofan í mig. Það er auðvelt að finna þessi vítamín í hillunum í apótekum og verslunum og ég veit hvað þau innihalda,“ segir Hrafnhildur.

Hjálpar lifrinni

„Ég er slæm af slitgigt og finn fyrir verkjum í hálsliðum, baki, höndum og fótum. Ég tek verkjalyf oftár á veturna en sumrin því kuldinn fer alls ekki vel í gigtina. Vinur minn mælti með mjólkurþistli með verkjalyfjum því hann hefur hreinsandi virkni á líkamann og hjálpar lifrinni að hreinsa út óæskileg efni. Mjólkurþistillinn hefur gert sitt gagn.

Ég veit það vegna þess að ég fer á þriggja mánaða fresti í blóðprufu til að mæla lifrargildi innkirtla og annarra kerfa. Ég er enginn unglingur en gildin eru alltaf í góðu lagi.

Ég tek tvö hylki af ICEHERBS



Hrafnhildur Hákonardóttir segist finna mikinn mun á sér eftir að hún fór að taka ICEHERBS Mjólkurþistil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mjólkurþistli á morgnana mjög samviskusamlega og hann fer alltaf með mér í ferðalög.“

Ómissandi yfir hátíðarnar

Jólin eru alveg að koma með öllum sínum freistingum, reyktu kjöti, konfektí, smákökum, desertum, ís og víni. „Það er erfitt að sniðganga þennan góða mat þó allir viti að allt þetta gúmmulaði sé ekkert sérstaklega gott fyrir kerfið. En það þarf nú stundum að njóta og leyfa sér. Ég hryn nú alveg í það í mat og drykk en þá bæti ég við tveimur hylkjum af mjólkurþistli fyrir svefn. Þetta tryggir betri svefn hjá mér og ég er orkumeiri daginn eftir þar sem líkaminn er ekki að ströggla við allt það sem ég innbyrði daginn áður.

Í stuttu máli sagt þá liður mér betur í líkamanum þegar mjólkurþistillinn er með mér og ég finn að líkaminn er í betra jafnvægi. Ef mér liður vel í líkamanum þá verður myrkrið, kuldinn, stressið og allt annað mun bærilegra.

Ég mæli hiklaust með mjólkurþistli yfir hátíðarnar. Ekki bara fyrir þá sem ætla að gera vel við sig í mat og drykk heldur bara flesta. ICEHERBS Mjólkurþistillinn með íslenskum fjallagrösum hjálpar til við að hreinsa líkamann af umfræfnum sem safnast fyrir í lifrinni og líkamanum.“

Náttúruleg hreinsun

ICEHERBS Mjólkurþistill inniheldur hreinan mjólkurþistil og íslensk fjallagrös.

Mjólkurþistill inniheldur virka efnið sylimarin sem er þekkt fyrir að hafa góð áhrif starfsemi lifrar og nýrna. Efni úr

Ég mæli hiklaust með mjólkurþistli yfir hátíðarnar. Ekki bara fyrir þá sem ætla að gera vel við sig í mat og drykk heldur bara flesta.

mjólkurþistli á að hjálpa lifrinni við myndum nýrra lifrarfrumna og er þannig náttúruleg hreinsun fyrir lifrina. Þá hefur plantan andoxandi virkni og hjálpar til við að losa óæskileg efni út úr líkamanum. Sumir nota mjólkurþistilinn þegar þeir hafa neytt áfengis vegna hreinsandi áhrifa hans. Íslensk fjallagrös eru þekkt sem Gingseng Íslands og ekki að ástæðulausu. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem eru þekktar fyrir að auka þyngdartap, bæta meltingu og styrkja þarmana. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járnei og kalsíum, og bera í sér fléttuefni sem hindra óæskilegar bakteríur. Fjallagrös hjálpa til við að draga úr bjúg og er þessi hreinsandi blanda frábær fyrir almenna desembergleði.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS framleiðir hrein og náttúruleg bætiefni. Þar er lögð áhersla á að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar innihaldsefnanna viðhaldi sér að fullu. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og innihalda engin óþarfa fylliefni. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í vefverslun iceherbs.is.

Á leið til Afríku í æfingabúðir

Hlynur Andrésson hafnaði í 55. sæti af 83 keppendum á EM í víðavangshlaupi sem fram fór í nágrenni Tórinó á Ítalíu á sunnudaginn. Hlynur hljóp rúma 10 kílómetra á 31,53 mínútum.

gummih@frettabladid.is

„Ég varð í 39. sæti á þessu móti árið 2019. Ég hélt að ég myndi gera töluvert betur núna en sú varð ekki raunin. Ég var svolítið svektur en þegar öllu er á botninn hvolft þá er ég að stefna á aðra hluti og þetta hlaup, sem ég tók þátt í, var bara svona til að vera með,“ segir Hlynur.

Það er margt spennandi á döfinni hjá Hlyni en í byrjun nýs árs fer hann til Afríkuríkisins Namibíu í fjögurra vikna æfingabúðir til undirbúnings fyrir Sevilla-maraþonið sem verður haldið á Spáni 19. febrúar.

Hleypur sitt annað maraþon

Hlynur tekur þátt í sínu öðru maraþoni á ferlinum í Sevilla en í mars í fyrra setti hann nýtt glæsilegt Íslandsmet í sínu fyrsta maraþoni sem fram fór í Dresden í Þýskalandi. Hlynur hljóp maraþonið á tímanum 2:13,37 klukkustundum og sló met Kára Steins Karlssonar um þrjár og hálfa mínútu. Hann hafnaði í 5. sæti í hlaupinu.

„Að undirbúa sig fyrir maraþon er töluvert öðruvísi heldur en að undirbúa sig undir víðavangshlaup og nú er ég kominn á fullt að undirbúa mig fyrir maraþonið



Hlynur hefur sett stefnuna á að komast á HM og Ólympíuleikana. MYND/ADSEND

Í Sevilla ætla ég að reyna við lágmörkin fyrir heimsmeistaramótið og Ólympíuleikana. HM fer fram í Búdapest næsta sumar og Ólympíuleikarnir verða haldnir í París ári síðar.

Hlynur Andrésson

í Sevilla. Draumamarkmið mitt á ferlinum er að hlaupa maraþon undir 2,10 klukkustundum. Ég veit að ég þarf mikinn grunnhraða til þess og ég vildi hlaupa hratt fyrst í styttri vegalengdunum áður en ég myndi hella mér út í maraþonið. Ég er orðinn 29 ára gamall og það er kominn tími á að einbeita sér meira að maraþoninu,“ segir Hlynur. Hann á einnig Íslandsmetið í 10 kílómetra götuhlaupi en hann setti metið í janúar á þessu ári, 29,24 mínútur. Hlynur kom fyrstur í mark í hálfa maraþoni í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst en tími hans var 1:08,56 klukkustundir.

Hlynur hefur verið búsettur á Ítalíu í eitt ár þar sem hann æfir með atvinnumönnum.

„Það er ekki hægt að æfa fyrir maraþon og ætla sér að hlaupa undir 2,10 klukkustundum með því að vinna 40 tíma á viku. Í dag er standardinn það hár að þú þarft að vera atvinnumaður í því sem þú gerir. Það er gott að vera með æfingafélögum og veðuraðstæður á Ítalíu eru töluvert betri en heima á Íslandi og það er miklu ódýrara að lifa hér. Ég tel þetta vera einu leiðina sem er í boði fyrir mig til að eiga möguleika á að komast á Ólympíuleikana. Það hefur verið svona drifkrafturinn af hverju maður hefur haldið sig í sportinu af þessum krafti,“ segir Hlynur.

Stefnir á HM og Ólympíuleikana

Hlynur ætlar að taka þátt í 10 kílómetra götuhlaupi í Bolzano á Ítalíu á gamlársdag og heldur síðan til Namibíu þar sem hann leggur lokahönd á undirbúning fyrir maraþonhlaupið í Sevilla.

„Maður fær vel borgað fyrir að taka þátt í þessum götuhlaupum og ég er bara að taka þátt í þessu hlaupi fyrir peningaverðlaunin. Í Sevilla ætla ég að reyna við lágmörkin fyrir heimsmeistaramótið og Ólympíuleikana. HM fer fram í Búdapest í Ungverjalandi næsta sumar og ári síðar verða Ólympíuleikarnir haldnir í París. Ég fer í fjögurra vikna æfingabúðir til Namibíu í byrjun janúar. Þar get ég æft í góðu sumarveðri og í meiri hæð sem gefur líkamanum kleift að aðlagast erfiðari aðstæðum. Þegar ég kem til baka frá Namibíu hef ég tvær vikur til ná mér aftur ferskum fyrir maraþonið í Sevilla,“ segir Hlynur. ■

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

ADALKAUP

Bílasala

100% RAFMAGN - TIL AFHENDINGAR STRAX!!!

RENAULT KANGOO Express z.e. 100% rafmagn. 12/2021, "NYR" ÖEKINN, rafmagn, sjálfskiptur. Uppgefin WLTP drægni 240km. Verð aðeins kr.4.990.000-. Erum með 10 stk. til afhendingar strax á þessu frábæra verði fyrir áramóti! Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120765.

Adalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

ADALKAUP

Bílasala

TIL AFHENDINGAR STRAX Á FRÁBÆRU VERÐI!!!

SUZUKI VITARA GL++. Ágerð 12/2021, "NYR" ÖEKINN, bensín/hybrid, framdrifinn, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn og sparneytinn jepplingur á mjög góðu verði. Eigum til fleiri líti. Verð aðeins kr.4.977.000- Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120766.

Adalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

S P A

R I bill

Mazda MX-30 rafmagnsbíll. 6/2021 Sýningarbílur flestir eknir undir 1000 km. 35,5 kWh rafhlada. Uppgefin drægni 200 km. 5 dyra. Makoto typa með glerþopplúgu og öllum fánægum búnaði. Er í ábyrgð. Eigum 4 líti á lager. Hann er þinn fyrir aðeins 4.890.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja daga
JS LJÓSASMÍÐJAN
LJÓSAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVEIÐARÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blada á frettabladid.is

Heilsa

Heilsuvörur

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
 Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Blöndulína 3 frá Blöndustöð til Akureyrar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum um lagningu Blöndulínu 3 samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitíð og umhverfismatsskýrslu Landsnets er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna færslu Hamraneslínu 1 og 2 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Á fundi Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 7. desember 2022. var samþykkt að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna lagningar Hamraneslínu 1 og 2 í jörð. Um er að ræða lagningu jarðstrengs frá Gráhelluhrauni að tengivirki í Hamranesi.

Skipulagslýsingin verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar að Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 frá 14.12. 2022 – 11.01.2023. Einnig er hægt að skoða gögnin á hfj.is/skipulag.

Ábendingum við skipulagslýsinguna skal senda á skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6 eigi síðar en 11.01.2023.

Hafnarfjarðarbær

bt. umhverfis- og skipulagssvið

Strandgötu 6

220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Tillaga að nýju deiliskipulagi við Snókalönd við Bláfjallaveg skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 07.01.2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg. Skipulagið afmarkast af gamalli hraunnámu sem í dag er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir einni lóð þar sem gert er ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir byggingum tengdum norðurljósaskoðunum.

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar-bæjar að Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 frá 14.12.2022 – 25.01.2023. Einnig er hægt að skoða gögnin á hfj.is/skipulag.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6 eigi síðar en 25.01.2023.

Hafnarfjarðarbær

bt. umhverfis- og skipulagssvið

Strandgötu 6

220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

VERSUNARTÆKNI

www.verslun.is

geiri

www.geirihf.is

VESTFRÖST SOLUTIONS

Vínkælar

WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595x596 mm (+2 - +10°C)

WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x 610 (+5 - +22°C)

WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x 595 x 573
(+5 - +10 / +10 - +18°C)

VERSUNARTÆKNI

www.verslun.is

geiri

www.geirihf.is

STÓRELDHÚS

FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur

...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is

„Ljósið gefur
manni tilgang“

- Alice Olivia Clarke

„Ljósið er *sunny place*,
hér ríkir jákvæðni, hér
er félagsskap að fá
og allir vinalegir“

- Raimond Bushmanis

„Litir eru endalaust
gleðiefni og uppspretta
fyrir alls konar upp-
lifanir og tilfinningar“

- Sara Vilbergsdóttir

LJÓSABLAÐIÐ 2022

TÍMARIT LJÓSSINS KEMUR ÚT Í DAG!



Í blaðinu bjóðum við þér að skyggnast
á bakvið tjöldin í Ljósinu. Kynnast
starfinu, fólkinu og þeirri einstöku
stemningu sem ríkir í starfi Ljóssins.

Blaðið kemur út í dag, fylgstu með á www.ljosid.is
eða taktu mynd af QR kóðanum.

Hvað er að fréttar?

Þú finnur allar nýjustu fréttir

dagsins á [frettabladid.is](#).

Innlendar og erlendar fréttir,

léttar fréttir, íþróttaréttir,

viðskiptaréttir, skoðanapistla,

spottið og auðvitað blað

dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann



frettabladid.is

Aðfangadagur á Þorláksmessu



Gyða Hjartardóttir
félagsráðgjafi,
MA, umsjónar- og
ábyrgðaraðili SES
á Íslandi

Aðventan er hafin og jólin sem við lítum oft á sem tíma barnanna eru fram undan. Jólin eru jafnframt hjá okkur flestum tími fjölskyldunnar, tími gleði og friðar, þess að gefa og þiggja og síðast en ekki síst tími hefðanna. Flest okkar eiga hlýjar minningar af jölunum, minningar af góðum mat, jólagjöfum, ljúfri stemningu og samveru með þeim sem standa okkur næst. En hvað eru hefðir? Fyrir suma fela hefðirnar í sér að gera aldrei eins, spyrja fyrir hver jöl, hvernig eigum við að halda jöl þetta árið? Fyrir aðra snúast jólin og hefðir um að gera alltaf eins, borða alltaf það sama og breyta helst engu. Um helmingur íslenskra barna hefur gengið í gegn um skilnað eða sambúðarslit foreldra og er að alast upp á tveimur heimilum. Fyrir þessar fjölskyldur og börn getur verið bæði nauðsynlegt og mikilvægt að skapa nýjar hefðir. Foreldrar sem skilja þurfa að byggja upp nýtt samband sín á milli, fara úr parsambandi og yfir í foreldrasamstarf og því geta fylgt áskoranir. Þá er aldrei mikilvægara að anda rólega og vanda sig við að hugsa hlutina upp á nýtt. Gott ráð í því sambandi er að hlusta á börnin, setja þeirra þarfir og óskir fram yfir sínar eigin langanir og væntingar þegar við skipuleggjum hátíðarnar og hvað við teljum vera góð jöl.

Látum hátíðarnar snúast um



Hvað með að halda aðfangadag á Þorláksmessu, skjóta upp flugeldum á nýársdag og hvað með að láta hefðirnar snúast um að gera aldrei eins, bara að vera saman?

barnslega gleði, frið, sem og hlýja og notalega samveru. Látum hefðirnar snúast um að vera saman hvort sem það er á nýjan hátt eða eins og alltaf hefur verið. Hvað með að halda aðfangadag á Þorláksmessu, skjóta upp flugeldum á nýársdag og hvað með að láta hefðirnar snúast um að gera aldrei eins, bara að vera saman? Því það erum við foreldrar sem leggjum línurnar um það hvernig börnin okkar upplifa hlutina og með því leggjum við okkar afmörkum um gleðileg jöl fyrir alla.

Þegar börn foreldra sem búa ekki saman eru spurð um hvernig þau vilja hafa lífið eftir sambúðarslit eða skilnað foreldra þeirra, segjast

Frá skítalækjum til fráveitu og lýðheilsu



Jón Trausti Kárasen
forstöðumaður vatns og fráveitu hjá Veitum

Á síðasta árhundraði hafa orðið grundvallarbreytingar á samfélagi okkar og höfum við stigið stór framfaraskref á hinum ýmsu sviðum. Á upphafsárum síðustu aldar var aðgengi íbúa Reykjavíkur að fráveitu lítið sem ekkert og óþrífnaðurinn eftir því. Ófagrar lýsingar eru til á því hvernig skólp rann ofanjarðar með tilheyrandi mengun og má í því samhengi benda á bók Guðjóns Friðrikssonar „Cloacina, Saga fráveitu“ sem kom út árið 2021 og gerir þessari sögu afbragðsgóð skil.

Eitt af því sem kemur svo skýrt í gegn við lestur bókarinnar er hversu mikilvæg góð fráveita er lýðheilsu samfélaga eins og okkar. Vert er að nefna að í upphafi síðustu aldar veiktist fjöldi fólks af taugaveiki, en taugaveiki er bakteríusýking sem smitast gjarnan með sóttmengunum drykkjarvatni. Þau tilfelli taugaveiki sem greind voru í „taugaveikifaraaldrinum“ svokallaða árið 1906–1907 voru öll rakin til sama neysluvatnsbrunnar sem auðsjáanlega var skólpmengaður. Þarna varð fólki ljóst að gera þyrfti gangskör í því að koma á vatnsveitu annars vegar og hins vegar koma frárennismálum Reykjavíkur í betri farveg. Með



Það skiptir okkur sem samfélag afar miklu máli að ganga vel um þennan mikilvæga hlekk sem fráveitan er.

aðgerðum af þessum toga náðist að koma böndum á útbreiðslu taugaveiki auk annarra smitsjúkdóma sem tengdir voru óþrífnaði.

Klósettið er ekki ruslafata

Við höfum í dag búið þannig um hnútana að alla jafna gefum við fráveitunni okkar ekki mikinn gaum, sem er bæði gott og vont. Gott að því leyttinu til að við þurfum ekki að kljást við þær áskoranir sem forfeður okkar glímdu við, en vont að því leyttinu að hætta er á að huglægt mikilvægi þess sem við þurfum lítinn gaum að gefa tapist. Það skiptir okkur sem samfélag afar miklu máli að ganga vel um þennan mikilvæga hlekk sem fráveitan er. Við þurfum að átta okkur á því að allt það sem við látum frá okkur með vatninu, hefur viðkomu á endastöð og gildir

þau langoftast dreyma um að foreldrar geti talað saman þrátt fyrir að vera ekki saman lengur. Að þau geti átt í góðu foreldrasamstarfi þrátt fyrir að vera ekki lengur í parsambandi. Foreldrar sem eru fráskilin eða hafa slitið samvistum og eru að ala upp börn saman læra fljótt og eru langoftast leikin í því að skapa nýtt líf og nýjar jólahefðir eftir skilnað eða sambúðarslit. Þeir foreldrar þjálfast í og kunna vel að setja sínar þarfir til hliðar og horfa á hvað er best fyrir börnin en í lífinu mætum við alltaf einhverjum áskorunum sem við þurfum að takast á við.


Inni á stafræna vefnum [www.samvinnaeftirskilnad.is](#) er að finna fjölmörg stafræn námskeið með aðferðum og hagnýtum verkfærum fyrir foreldra til að fá betra foreldrasamstarf, meðal annars um jólin. Á vefnum er að finna góð ráð og hagnýt verkfæri fyrir alla foreldra, bæði þá sem takast á við áskoranir og líka þá sem allt gengur vel hjá. Námskeiðin Að skapa gott samstarf, Gerið skýrt samkomulag um umgengni og Leiðir til að semja um frið með börnunum eru til að mynda frábær á þessum tíma og geta gefið foreldrum nýja sýn á það hvernig best er að takast á við nýjan veruleika fjölskyldunnar. Vefurinn er opin og aðgengilegur fyrir alla foreldra á Íslandi, innleiddur að danski fyrirmynd á Íslandi í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Leggjum okkur fram um að veita öllum börnum gleðileg og friðsæl jöl, full af góðum minningum og munum að jólin eru okkar. Með ósk um gleðilega aðventu og jöl fyrir öll börn, lítil og stór, í öllum fjölskylduformum. ■

þá einu hvort um ræðir það sem fer um lagnir hífýla okkar gegnum klósettin og niðurföllin, eða það sem rennur af götum borgarinnar. Hreinsistöðvar fráveitunnar eru á vissan hátt endastöð þar sem hluti þeirrar mengunar sem rennur um fráveitukerfin er fönguð. Miklu fjármagni er veitt í að hreinsa og meðhöndla efni úr fráveitustraumum sem ekki eiga erindi þangað. Nægir að nefna plastefni, fitu, sand og hina margumtöluðu blautklúta svo fátt eitt sé nefnt. Það erum við notendur sem berum ábyrgðina á því að ganga um þessa mikilvægu innviði okkar af virðingu og ábyrgð.

Vegur að vinna

Í hnattrænum samanburði stöndum við Íslendingar ágætlega þegar kemur að aðgengi að hreinlætis-aðstöðu, en eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er tryggt aðgengi jarðarbúa að hreinu vatni og hreinlæti. Ljóst er að þar er vegur að vinna. Að óbreyttu má gera ráð fyrir því að árið 2030 munu 2,8 milljarðar jarðarbúa þurfa að búa við ófullnægjandi aðgang að fráveitu og séu því á sambærilegum stað og forfeður okkar fyrir rúmlega 100 árum. Þrátt fyrir að við Íslendingar séum í dag komin býsna langt frá þeim raunveruleika sem eitt sinn var þá er mikilvægt að við höldum áfram að vera framsýn og horfum til leiða til þess að gera betur í dag en í gær. Með því leiðarljósi getum við haldið áfram að búa til bjarta framtíð þeirra kynslóða sem munu skrifa um sögu okkar tíma. ■



1.sæti

Á Bóksölulistanum
bækur almennt efni

WWW.UTKALL.IS

METSÖLUBÆKUR Í 29 ÁR

Í Útkall – SOS erum á lífi, berjast sjómenn og flugmenn fyrir lífi sínu – Dagfinnur Stefánsson upplifði kafbátaárás og tvö stór flugslys. Áhöfn Steindórs GK komst naumlega lífs af þegar þyrluáhöfn TF-SIF bjargaði fólkinu naumlega.

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa á hverju ári í nær þrjá áratugi verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Bækur sem lesendur leggja ekki frá sér fyrr en að lestri loknum.

Sannir atburðir úr íslenskum raunveruleika. Þessar einlægu frásagnir venjulegs fólks í óvenjulegum aðstæðum láta engan ósnortinn.



Merkisatburðir

- 1136** Haraldr gilli Noregskonungur drepinn í Björgvin af Sigurði slembidjákni.
- 1287** Grandi milli Norðursjávar og grunns stöðuvatns í Hollandi gefur sig og veldur fimmta stærsta flóði sögunnar. 50.000 manns létu lífið en flóðið braut líka hafinu leið að Amsterdam sem eftir það gat þróast sem hafnarborg.
- 1890** Eyrarbyggjakirkja vígð. Altaristafla hennar er eftir Lovísu Danadrottningu, máluð árið 1891.
- 1910** Visir til dagblaðs í Reykjavík hefur göngu sína. Visir og Dagblaðið sameinuðust í DV 26. nóvember 1981.
- 1912** Stórbruni á Akureyri. Tólf hús brunnu til ösku en enginn fórst.
- 1934** Golfklúbbur Reykjavíkur er stofnaður undir nafninu Golfklúbbur Íslands.
- 1935** Um mestallt Ísland geisar fárviðri og verður mikið manntjón. Tuttugu og fimm manns farast, símalínur slitna niður og skemmdir verða á húsum.
- 1977** Ofviðri samfara stórflóði veldur tjóni víða á suðurströnd Íslands, til dæmis á Stokkseyri. Þetta voru talin mestu flóð á tuttugustu öldinni.
- 1989** Í Chile eru haldnar fyrstu lýðræðislegu kosningar í sextán ár.
- 2003** Saddam Hussein finnst í byrgi nálægt Tikrit í Íran og er tekinn höndum af Bandaríkjaher.



Elskulegur faðir okkar,
afi og tengdafaðir,

Gunnar Torfason

verkfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
sunnudaginn 4. desember.

Starfsfólkið á Skjóli fær innilegar þakkir
fyrir góða umönnun á liðnum árum.

Anna Gunnarsdóttir
Laufey Gunnarsdóttir

Jóhanna Jónsdóttir
Nanna Dís Jónsdóttir
Jóhann Heiðar Jóhannsson



Elskuleg móðir, tengdamóðir
og amma,

Elínborg Jóna Pálmadóttir

sem lést á Landspítalanum í
Fossvogi laugardaginn 10. desember
verður jarðsungen frá Fossvogskapelli
miðvikudaginn 21. desember kl. 13.

Sóley Jónsdóttir
Fjóla Jónsdóttir
Lilja Jónsdóttir

Helgi Pétursson

Jón Ari Jónsson

Kristóbert Fannberg Gunnarsson

Jón Pétur, Hafþór, Arnbjörg Ella, Árný Lind

og Hafdís Fannberg



Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Anna Petersen

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi í
Reykjanesbæ þriðjudaginn 6. desember.
Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í
Hafnarfirði mánudaginn 19. desember
klukkan 15.

Jón Hörður Hafsteinsson

Lilja Hafsteinsdóttir

Jóna Marý Hafsteinsdóttir

Guðfinna Ósk Kristjánsdóttir

Eiríkur Bragason

Birgir Ómar Ingason

barnabörn og barnabarnabörn



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Guðrún Hulda Hansen

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð á
Akureyri þann 9. desember síðastliðinn.
Útför hennar fer fram miðvikudaginn
21. desember kl. 13.00 í Akureyrarkirkju.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst
hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

Viðar Hansen

Eyjólfur Hannesson

Jónbjörg S. Hannesard. Guðrúnard.

Hannes Bjarni Hannesson

makar og barnabörn



Hjómsveitin Fjaðrafok dúkkaði fyrst upp fyrir ári síðan.

MYND/ADDEND

Aldargamlir slagarar

Hjómsveitin Fjaðrafok skemmtir gestum í Húsi máls og menningar í kvöld með slögurum frá þriðja áratug síðustu aldar.

arnartomas@frettabladid.is

Þriðji áratugur síðustu aldar virðist vera að sækja í sig veðrið þessa dagana eins og sjá má á öllum þeim Gatsby-partíum sem dúkkað hafa upp á samfélagsmiðlum með tilheyrandi fjaðralengjum, hálsfestum og munnstykki. Hjómsveitin Fjaðrafok var stofnuð í kófinu í fyrra með það að markmiði að taka þátt í þessari bylgu og stígu á stokk í Húsi máls og menningar í kvöld.

„Við erum að spila tónlist sem var vinsæl á árabílinu 1920–1930, „the roaring twenties“,“ segir Katrín Guðnadóttir, söngkona Fjaðrafoks. Höpurinn kom upphaflega saman í fyrrasumar og fljótlega hófst ráðabrigg um tónleikahald. „Vinkona mín, sem hafði mikinn áhuga á þessum áratug, fékk mig upphaflega til að taka þátt í þessu og þetta hefur verið mjög skemmtilegt.“

Ásamt Katrínu skipa sveitina Ari Agnarsson á trommur, Ari Páll Kristinsson á kontrabassa, Magnús Pálsson á klarinett og Konstantín Shcherbak á banjólín. Katrín segir sveitina sækjast eftir slögurum frá tímabilinu hvaðanæva, eins lengi og þeir séu skemmtilegir.

„Mörg af þessum lögum voru gerð vinsæl seinna meir af tónlistarfólki eins og Ellu Fitzgerald, svo við fórum aftur í tímann til að finna upphaflegu útgáfurnar aflögunum,“ segir hún. „Við viljum taka þetta í sama stíl og áður.“

Hvað er það við þennan áratug sem heillar fólk svona mikið?

„Það er góð pæling, það er þessi djass og svo er þetta svo hresst og skemmtilegt,“ svarar Katrín. „Eftir Covid fór fólk að tengja við ýmsa atburði sem áttu sér stað fyrir hundrað árum síðan, eins og spænsku veikina og þess háttar erfiðleika. Það er kannski einhver nostalgíubylgja í gangi bara.“

Herlegheitin í kvöld verða aðrir tónleikar Fjaðrafoks í Húsi máls og menningar en þar fyrir utan hefur sveitin verið að spila á Gallerí Fold, árshátíðum og á



Það er kannski einhver nostalgíubylgja í gangi bara.

götum Reykjavíkurborgar. Stundum hefur verið fenginn liðsauki frá lindýhopp-dönsurum til að taka skrallið upp á næsta plan.

„Þetta eru svona dansar sem kannski ekki allir kunna svo það hefur verið gaman að fá lindýhopp-dansarana með. Þá hefur fólk ákveðið að tjútta með og dilla sér þótt það sé ekki með sporin á hreinu. Það er stemning í þessu.“

Tónleikar í Húsi máls og menningar í kvöld verða tvennir, þeir fyrri eru frá klukkan 16.30–17.30 og þeir seinni frá 18.00–19.00. Aðgangur er ókeypis. ■

Þetta gerðist: 14. desember 1911

Fyrstu menn stíga á suðurpólinn

Það var norski landkönnuðurinn Roald Amundsen sem leiddi fyrsta leiðangurinn til að komast á suðurpól jarðar. Amundsen hafði upphaflega hugsað sér að verða fyrstur manna til að komast að norðurlandinu en hætti við eftir að amerísku landkönnuðirnir Frederick Cook og Robert Peary héldu því fram árið 1909 að þeir hefðu hvor um sig komist að pólnum. Amundsen beindi sjónum sínum því suður á bóginn fyrir leiðangur sem yrði mun erfiðari.

Vegnar áhyggna af að bakhjarlar leiðangursins myndu draga stuðning sinn til baka þegar þeir heyrðu af breyttum áformum ákvað Amundsen að halda nýrri áætlun sinni leyndri. Ekki einu sinni áhöfnin vissi af því að ferðinni væri heitið að Suðurskautslandinu fyrir en skip þeirra, Fram, var farið úr höfn í Madeira í Portúgal.

Þegar komið var til Suðurskautslandsins 1910 settu pólfararnir upp búðir og undirbyggju sig fyrir leiðangurinn. Við fyrstu tilraun neyddist föruneytið til að snúa til baka í búðirnar þar



Roald Amundsen, landkönnuður.

sem enn var miður vetur og kalt í veðri. Það var svo þann 19. október 1911 þegar Amundsen og fjórir förunautar hans lögðu af stað á fjórum sleðum með fimmtíu og tveimur hundum.

Förin var löng og erfið en á endanum náðu Amundsen og félagar á suðurpólinn þar sem þeir settu niður norska fánann.

Fjórum dögum síðar var förin heitið aftur í búðirnar og náðu þeir þangað 25. janúar 1912. Þaðan var siglt til Ástralíu þar sem Amundsen tilkynnti um að för sín hefði heppnast. Hann vissi af leiðangri breska landkönnuðarins Roberts F. Scott sem hafði líka ætlað sér að verða fyrstur manna á pólinn. Teymi Scotts náði á pólinn fimm vikum á eftir norska teyminu en allir í föruneytinu létust á leiðinni til baka.

Amundsen átti eftir að lenda í þó nokkrum ævintýrum í viðbót en hann hvarf árið 1928 þegar hann tók þátt í björgunaraðgerð í Norðurishafi. „Aldrei hefur nokkur maður náð markmiði sem er jafn þveröfugt óskum hans,“ sagði Amundsen eitt sinn um pólförina. „Svæðið í kringum norðurpólinn – djöfullinn hirði það – hafði heillað mig frá barnæsku og nú var ég hér á suðurpólnum. Gæti nokkuð verið brjálaðra?“ ■


SKEMMTILEG SPIL Í JÓLAPAKKANN



ÉG VEIT MEIRA

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt? Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur? Hljómar einfalt en tíminn er naumur.


ÉG VEIT MEIRA er stútfullt spil af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflid og hraða spilaranna.



ALIAS FRÆGIR!

Þekkir þú frægt fólk úr mannkynssögunni?

Þekkir þú persónur úr bíómyndum og bókum?



Mitt fyrsta ALIAS

NOTID ÍMYNDUNARAFLID OG AUKID ORÐAFORDANN!

Mitt fyrsta Alias býður yngstu spilurinum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan.



FÁANLEG Í VERSLUNUM UM LAND ALLT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Útkall Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Markaðurinn (e)

RÚV Sjónvarp

- 08.25 HM í sundi Bein útsending.
- 11.20 Í fótspor gömlu pólfaranna
- 12.00 Norskir jólatónar
- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Útsvar 2015-2016 Norðurþing - Fjarðabyggð.
- 14.20 Nautnir norðursins Grænland - seinni hluti.
- 14.50 Söngvaskáld Magnús Eiríksson.
- 15.40 Í blíðu og stríðu
- 16.10 Matarmenning - Jólamatúr
- 16.40 Okkar á milli
- 17.10 KrakkaRÚV
- 17.11 Hundurinn Ibbi
- 17.15 Hæ Sámur
- 17.22 Lundaklettur
- 17.29 Víkingaprinsessan Guðrún
- 17.34 Örvar og Rebekka
- 17.46 Hvernig varð þetta til?
- 17.49 Minnsti maður í heimi
- 17.50 Jólamólar KrakkaRÚV
- 18.00 Krakkafréttir
- 18.05 Randalín og Mundi. Dagar í desember
- 18.15 Aðstoðarmenn jólasveinna Jólasveinasbólinn.
- 18.30 Fréttayfirlit
- 18.35 HM stofan
- 18.50 Frakkland - Marokkó Beinar útsendingar frá undanúrslitum á HM karla í fótbolta.
- 20.50 HM stofan
- 21.10 Fréttir
- 21.35 Íþróttir
- 21.40 Veður
- 21.45 Víkinglöttó
- 21.55 Jólaminningar
- 22.05 Kiljan
- 22.50 Svarti baróninn Baron Noir
- 23.40 Vertu sæll, pabbi. Heilabilun í fjölskyldunni Farvel far. Demens í familien Í meira en fjögur ár hefur Kasper fylgst með föður sínum sem þjáist af heilabilun.
- 00.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil
- 12.10 The Late Late Show
- 12.55 Gordon, Gino and Fred's Road Trip - Christmas Specials
- 13.55 Love Island Australia
- 15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
- 15.05 Tilraunir með Visinda Villa
- 15.15 Ávaxtakarfan
- 15.30 Rumble - isl. tal
- 17.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
- 17.15 How We Roll
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island Australia
- 20.10 Survivor
- 21.00 New Amsterdam
- 21.50 Super Pumped
- 22.50 Guilty Party
- 23.20 The Late Late Show
- 00.05 Love Island Australia
- 01.05 The Resident
- 01.50 The Thing About Pam
- 02.35 Walker Þáttaröð um lögreglumanninn Cordell.
- 03.20 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.10 The Mentalist
- 08.50 Bold and the Beautiful
- 09.15 Cold Case
- 09.55 Masterchef USA
- 10.35 30 Rock
- 11.15 Um land allt
- 11.55 Skreytum hús
- 12.10 Lífið er ljúffengt - um jólin
- 12.15 Nágrannar
- 12.40 Ísskápastríð
- 13.10 Temptation Island USA
- 13.55 The Heart Guy
- 14.40 The Dog House
- 15.30 The Cabins
- 16.15 Lóa Pind. Örir íslendingar
- 17.00 Blindur jólabakstur
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkin
- 18.55 Annáll 2022
- 19.00 Ísland í dag
- 19.25 Afbrigði
- 19.50 Write Before Christmas
- 21.20 The Good Doctor
- 22.00 Unforgettable
- 22.45 Rutherford Falls
- 23.10 Eurogarðurinn
- 23.45 Eurogarðurinn
- 00.10 The Mentalist
- 00.55 Cold Case
- 01.35 The Heart Guy
- 02.20 30 Rock
- 03.05 Lífið er ljúffengt - um jólin
- 03.10 Blindur jólabakstur

Leituðum að 42 í snjóflóðinu

Í Útkallsþætti kvöldsins lýsir Jón Svanberg Hjartarson því þegar honum fannst „tíminn stöðvast“ í snjóflóðinu á Flateyri 26. október 1995. Hann var að átta sig á því yfiryrmandi verki sem blasti við þegar stór hluti þorpsins var horfinn undir flóð. Það þurfti að grafa upp 42 þorpsbúa, þar á meðal frændfólk hans. „Þetta var bara stór auðn,“ segir Jón Svanberg. Fimm klukkustundir liðu þangað til þorpsbúum barst aðstoð úr nágrannabygðum eftir að björgunarfólk þurfti að berjast í gegnum ófærð og fárviðri. 20 fórust í flóðinu.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 ofmat
5 gapa
6 sön
8 áhald
10 tveir eins
11 þar til
12 nýlega
13 mör
15 tiltru
17 óvild

LÓÐRÉTT
1 feikimikið
2 fljóttræði
3 hlé
4 ofurselja
7 misbrúka
9 féfang
12 kaupbætur
14 gruna
16 þessi

LÁRÉTT: 1 oflof, 5 flá, 6 óm, 8 gatar, 10 nn, 11 uns, 12 ágan, 13 fög, 15 traustr, 17 agna.
LÓÐRÉTT: 1 ofgnótt, 2 flann, 3 lál, 4 förna, 7 misnota, 9 auðgun, 12 álag, 14 óra, 16 sú.

Sudoku

		8		5				7
	1	6	4		7		5	
		7	8					
		9				7		
4		3	9	6	1			
1				7		9	6	
9				2	5	8		4
				8	3		2	
8	6			4		1	3	

						7	2	4
4		6			3		5	
				5				
	5	8	2					6
	4		6					
2				4				
						6		
	2	1	7			9		8
6		9	5	8				7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

ÚTKALL

MIÐVIKUDAGA KL. 19.30

Í þáttunum talar Óttar Sveinsson, höfundur Útkallsbókanna, við söguhetjurnar sínar. Fólk sem hefur tengingu við og upplifði slysin sem fjallað er um í hverjum þætti.



LEIGUM • SELJUM • SETJUM UPP • TÖKUM NIÐUR • GEYMUM

LJÓSASERÍUR

Í ÁSKRIFT

GARDLIST.IS

☎ 554-1989

Hendrikkú er fjölfatlaður og í fyrra þegar hún tók eftir verkefni Góðvildar hugleiddi hún að vera með að ári. Verk Hendrikkú verður til sýnis í Gallery List, Skipholti 50, en verkið verður boðið upp á Facebook-síðu Góðvildar og stendur uppboðið til sunnudagsins 18. desember klukkan 21.00. ■

Kímnin sem mallar undir köldu yfirborði

BÆKUR

Tættir þættir

Þórarinn Eldjárn
Fjöldi síðna: 180
Útgefandi: Gullbringa

Björn Þorláksson

Ég náði ekki að lesa lengra en að blaðsíðu 12 áður er brast á með fyrsta hláturskastinu við lestur á Tættum þáttum. Reyndar hló ég svo hátt – og það að orðalagi einu saman – að tvö yngstu börnin mín vöknudðu við lesturinn á sunnudagsmorgni á adventu og hugsuðu mér þegjandi þörfina. Enginn hugsar þó Þóarni þegjandi þörfina.

Nokkrum dögum fyrir lesturinn hafði ég tekið þátt í athöfn í Hörpu, dagskrá á degi íslenskrar tungu. Þar var eitt kvæða Þórarins í forgrunni og mér varð hugsað til gleðinnar, hugmyndanna, leikjanna við tungumálið sem runnir eru úr smiðju Þórarins í sögunnar rás.

Hjá mér urðu fyrstu kynni við skáldið árið 1984 þegar mamma gaf mér ljóðakver eftir ÞE í jólagjöf. Ég lærði sum ljóðanna utan að og gaukaði þeim upphátt að félögunum mínum að loknu jólaleyfi. Enn heyr-ist stundum í vinahópnum: „Strákar, það er ekki lengur frumlegt að vera frumlegur“ – tilvitnun í eitt ljóðanna í bókinni Ydd sem hefst þannig:

„Trén fella laufin á haustin/dettur þeim aldrei neitt skárna í hug?“



Þórarinn Eldjárn

Vanhæfur gagnrýnandi

Það er því svolítið erfitt fyrir mann sem er yfirlýstur aðdáandi Þórarins Eldjárns að standa undir því hlutskipti að skrifa gagnrýninn dóm um nýja bók. En eins og fyrrum náði höfundurinn strax í fyrstu sögu Tættra þátta, Nytjadraumum, tengingu við mitt innra sjálf. Til að ná slíkri tengingu þarf höfundur að búa yfir kímniáfu. Hárfín kímni liggur að baki flestu sem Þórarinn kemur nálægt. Henni er þó ekki smurt fram- an í lesandann með látum heldur fer lítið fyrir henni, stundum liggur hún í leynum.

Lesanda er í Tættum þáttum boðið að rata í alls konar ævintýr með skáldinu. Yrkisefnið er gjarnan hið ankringislega og óvænta. Úrdráttur er stílbragð sem Þórarinn kann utan að og textinn er oftast „kaldur“ í þeim skilningi að ekkert er ofsagt. Engum óþarfa lýsingarorðum fyrir að fara.

Ekki allt sem sýnist

Það sem mallar undir köldu yfirborði textans er aftur á móti æsi- spennandi. Háð hefur löngum verið í vopnabúri höfundar og ekki bregst hann lesendum í þeim galdri þennan daginn. Stundum kveikja þættir bókarinnar frumlegt sjónarhorn á veruleika sem maður hélt að væri meitlaður í berg. Það gerist þótt ÞE hafi sagt að það sé ekki lengur frum- legt að vera frumlegur.

Það myndi skemma fyrir upplifun lesenda að fara mörgum orðum um innihald þáttanna, en allir eru þeir

þess virði að lesa þótt misgóðir séu. Eitt dæmi um snúning orða, þar sem þversögn er beitt til að skapa nýtt sjónarhorn er á blaðsíðu 72 þegar manneskju sem nálgast aðra mann- eskju og þeirri sem vill ná sambandi er lýst sem „vinarhótandi“.

Stundum er ekkert skelfilegra en nálægð við ókunnugt fólk. Skáldið hefur enda að mestu kosið að fá að vera í friði. Þórarinn lætur ekki bera meira á sér en þörf er á. Það læðist að



Tættir þættir inniheldur þrjá- tíu og sjö áður óbirta þætti eftir Þóarin Eldjárn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

manni sá grunur að honum sé jafnvel meinilla við að skrifað sé í blöð um bækurnar hans. Því bækurnar eru til marks um það sem liggur undir. Og að afhjúpa það sem kraumar undir yfirborðinu gæti eyðilagt töfrana. ■

NIÐURSTAÐA: Enn og aftur standa lesendur í þakkarskuld við Þóarin Eldjárn. Tættir þættir eru lúmsk gleðistund, þar sem ekki er allt sem sýnist.



RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MBL

„Falleg og vel hugsuð skáldsaga sem er líkleg til þess að gleðja marga lesendur.“


KRISTJÁN JÓHANN JÓNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Ég var mjög hrifinn af þessari bók.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„... grípandi og minnisstæð.“

SÖLVI HALLDÓRSSON / VÍÐSJÁ



Innbundin



Rafbók



Hljóðbók

Áhrifarík saga um unga listakonu í París árið 1950 – ekkert skiptir máli nema listin, en hún krefst fórna.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opíð 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



Brotthvarf Britney af Instagram í síðustu viku vakti furðu.

Hegðun Britney veldur heilabrotum

ninarichter@frettabladid.is

Hegðun bandarísku poppstjörnnunnar Britney Spears á samfélagsmiðlum heldur áfram að valda heilabrotum meðal fylgjenda og aðdáenda. Fyrir viku leit út fyrir að Instagram-reikningi stjörnnunnar hefði verið eytt, en þar hefur hún verið dugleg að deila nektarmyndum og dansmyndböndum sem vakið hafa meiri furðu en hrifningu. Þá hefur Britney ritað kraftmiklar yfirlýsingar, ásakanir og fleira í myndatextum við Instagram-færslurnar. Reikningurinn birtist aftur þremur dögum seinna og þá vakti mikla athygli útskýringin sem söngkonan gaf á hvarfi reikningsins. „Úbbs... ég ýtti óvart á rangan hnapp,“ sagði hún. Þeir sem þekkja til Instagram vita að slík aðgerð er tekin í nokkrum skrefum og það er næsta ómögulegt að eyða Instagram-reikningi án þess að ætla sér það.

Nú hafa kenningar af ýmsum toga farið eins og eldur um sinu. Ein kenning er á þá leið að Britney Spears sé ekki manneskjan á myndum og myndböndum frá afmæli söngkonunnar í vikunni, heldur hafi teymi söngkonunnar einfaldlega ráðið leikkonu til að þykjast vera hún.

Önnur kenningin er á þá leið að Britney Spears sé vistuð á stofnun. Britney er stödd í New York og hefur vakið athygli að hún hefur hvergi birst með aðdáendum sínum eða komið opinberlega fram, og þykir kenningasmiðum það gefa slíkri atburðarás byr undir báða vængi.

Eiginmaður Britney, Sam Ashgari, hvatti fylgjendur sína á dögnum til að virða einkalíf söngkonunnar og benti á að stundum þyrfti fólk einfaldlega að draga sig í hlé frá samfélagsmiðlum. ■



Fimm ára safnar til að gera fleiri þætti um tígur

Hinn fimm ára gamli Grettir Thor Árnason vantar lítið upp á til að ná að safna fyrir framleiðslu á sínu eigin barnaefni á Karolina Fund. Móðir hans, Þórhildur Stefánsdóttir, segir son sinn stórhuga.

odduraevar@frettabladid.is

„Hann er algjör dýrakall og á held ég svona fimm hundruð dýr hérna heima og hefur alltaf verið að búa til sögur,“ segir Þórhildur Stefánsdóttir um fyrsta myndbandið sem hún bjó til með syni sínum Gretti Thor Árnasyni á YouTube.

Myndbandið var um Lilla Tígur og vini hans og er um að ræða svokallað stop motion-myndband. „Hann var veikur heima og við

gerðum saman myndband sem var nú bara upp á gamanið en svo eiginlega fengum við ekki frið,“ segir Þórhildur hlæjandi.

Viðbrögðin voru afar mikil og myndbandið sló hreinlega í gegn. „Þetta var líka rosalega krúttlegt, enda fékk hann að stjórna þessu alveg sjálfur og handritið er þínu kostulegt,“ segir Þórhildur hlæjandi. Nú er búið að horfa á Lilla Tígur yfir 4.000 sinnum.

„Ég var farin að fá endalaust af fyrirspurnum um hvenær næsta myndband með Lilla Tígrí kæmi. Sem ég skil auðvitað mjög vel, þetta virðist hafa slegið í gegn

enda er leikstjórinn, handritshöfundurinn og framleiðandinn fimm ára strákur sem skilur hvað það er sem krakkar vilja horfa á.

Þannig að við ákváðum bara að slá til og henda í söfnun. Fyrsta myndbandið var nefnilega gert á frekar frumstæðan hátt, við tókum upp hljóðið á iPhone-heyrnartól og svona og eftir öll þessi viðbrögð og þessa miklu eftirspurn eftir fleiri myndböndum ákváðum við að slá til, enda eru myndvinnsluforrit og búnaður mjög dýr.“

Söfnun hófst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember síðastliðinn og lýkur á föstudaginn. Þórhildur er vongóð um að nóg muni safnast til að Grettir geti gert hið minnsta tíu myndbönd til viðbótar í tveimur seríum.

Aðspurð hvort Grettir fái ekki að ráða öllu við gerð þáttanna segir Þórhildur hlæjandi að það verði að sjálfsögðu þannig.

„Hann auðvitað bara leikur sér að þessu og gerir þetta á sinn hátt og veit að sjálfsögðu ýmislegt um vináttu



”

Ég var farin að fá endalaust af fyrirspurnum um hvenær næsta myndband með Lilla Tígrí kæmi.

og umhverfismál og svoleiðis en ég hef kannski aðeins verið að ýta honum í þá átt að hafa smá boðskap um vináttu, menningarheima og umhverfismál í þessu,“ segir Þórhildur hlæjandi.

Sjálf hefur Þórhildur reynslu af myndbandagerð. „En þetta er merkilega einfalt. Það er líka ótrúlega gaman að verja tímanum svona saman og fá að gera YouTube-myndbönd með barninu sínu, frekar en til dæmis þegar maður er að vinna við þetta,“ segir Þórhildur. ■

Hlaut formlegt samþykki til að halda einhyrning

ninarichter@frettabladid.is

Þann 30. nóvember síðastliðinn barst tíu ára stúlku í Los Angeles bréf frá Dýraeftirliti Los Angeles. Bréfið innihélt svar við beiðni barnsins, stúlku að nafni Madeleine, um að halda einhyrning í garðinum hjá sér.

Í bréfinu hlaut Madeleine kærar þakkir fyrir að sýna framúrskarandi ábyrga hegðun í tengslum við dýrahald. Formlegt samþykki var veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

1. Að einhyrningurinn skuli hljóta umönnun samkvæmt tíundu reglugerð laga í Los Angeles um-dæmi.

2. Að þarfir einhyrningsins séu í öllu tilliti uppfylltar hvað varðar aðgengi að sólarljósi, geislum mánans ásamt reglulegu aðgengi að regnbogum.

3. Eiganda er skylt að gefa einhyrningnum vatnsmelónu, eftir-



Einhyrningurinn sem bréfinu fylgdi.



Bréfið sem stúlkan ritaði

læti einhyrninga, að minnsta kosti einu sinni í viku.

4. Horni einhyrningsins skal haldið við góða heilsu. Það feli í sér að þússa hornið að minnsta kosti mánaðar lega með mjúku klút.

5. Allt glimmer og gljáskraut sem notað er á einhyrninginn skuli vera í samræmi við reglugerðir, án eitrefna og endurvinnanlegt.



Leyfið sem barst frá stofnuninni

Bréfinu fylgdi sérlegt útprentað leyfi fyrir einhyrningahaldi, stimplað og undirritað af Marciu Mayeda, formanni stofnunarinnar. Þá var tekið fram í bréfinu að hugsanlega gæti reynst erfitt að finna einhyrning í ljósi þess hve sjaldgæfir þeir væru, en þangað til gæti Madeleine hugsað um litinn tuskueinhyrning sem bréfinu fylgdi. ■



„Kristín Eiríksdóttir er einn af okkar stóru höfundum
og skilar til okkar dásamlega sönnu og frumlegu verki.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / STUNDIN



„... grípandi saga, átakanleg á köflum, sem spilar á allan tilfinningaskalann ...“

SNÆDÍS BJÖRNSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Frábær skáldsaga þar sem víðsýnn höfundur horfir
yfir mannlífið. Faglega skrifuð, snjöll og skemmtileg.“

KRISTJÁN JÓHANN JÓNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ



Tól eftir Kristínu Eiríksdóttur er grípandi frásögn, í senn nærgætin og
miskunnarlaus, þar sem allt virðist blasa við en ekkert er sem sýnist.

 **LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA**

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Tónskáldið Angelo Badalamenti allur

ninarichter@frettabladid.is

Angelo Badalamenti er látinn 85 ára að aldri. Hann var þekktastur fyrir samstarf við bandaríska leikstjóran David Lynch í myndunum Blue Velvet, Twin Peaks og Mulholland Drive.

Badalamenti lærði á píanó frá átta ára aldri og lærði líka á franskt horn. Árið 1958 lauk hann BS-gráðu frá Manhattan School of Music og lauk meistara-gráðu frá sama skóla.

Samstarf þeirra Bandalamenti og David Lynch hófst með Blue Velvet frá 1986. Badalamenti var upphaflega fenginn til að vera raddþjálfari leikkonunnar Isabellu Rossellini, en sló í gegn og endaði á að semja hljóðmyndina, starfaði sem tónlistarstjóri og lék hlutverk í myndinni sem píanisti. Eftir það vann hann með Lynch við Twin Peaks og Twin Peaks: Fire Walk With Me og er stefið úr Twin Peaks vafalítið hans allra þekktasta verk. ■



Gestir jólamarkaðarins voru ánægðir með úrvalið í boði og mikið var verslað um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR

Aðventuperla á Akranesi

Miðbæjarsamtökin á Akranesi standa fyrir hlýlegum og skemmtilegum jólamarkaði í bænum nú á aðventunni.

olafur@frettabladid.is

Jólamarkaðurinn er haldinn í hús-næði sem áður hýsti fataverslunina Nínu, sem nú hefur flutt sig um set í bænum. Húsið á sér sögu og geymir ljúfar minningar fyrir marga Skagarmenn. Eitt sinn var þetta dansstaður þar sem ófa þörin stigu sín fyrstu dansspor saman.

„Það má segja að þetta hús sé á vissan hátt Glaumbær okkar Akranesinga eða Hollywood, eða Tunglið – svona eftir því hvaða tímabil maður tekur,“ segir Þorgerður Ólafsdóttir, forsprakki jólamarkaðarins í samtali við Lífið. „Síðan var þetta fataverslun í mörg ár en í einhvern tíma hafði engin starfsemi farið hér fram og okkur datt í hug að tala við eigendurna um það hvort ekki mætti hleypa lífi í húsið, hvort þau vildu ekki koma því í stand og leigja út.“

Húsið var tilbúið í október og þá kom upp sú hugmynd hvort ekki væri tilvalið að henda bara í einn jólamarkað, sem bæði kæmi lífi í húsið og efldi starfsemi lítilla fyrirtækja í bænum og einyrkja á ýmsum sviðum, til dæmis handverkslistar.

„Hér voru 18 aðilar með sínar vörur um helgina og um næstu helgi verður eitthvað svipað, auk þess sem við verðum með jólamarkaðinn opinn á Þorláksmessu. Þetta hefur gengið alveg frábærlega, mikil sala og fólk hefur komið hingað inn og varla trúað sínum eigin augum, sagt að þetta sé eins og að koma til útlanda,“ segir Þorgerður.

Gestir og gangandi geta fengið heitt og ljúffengt kakó og með því í rúmgóðri kaffisölu sem er innst í rýminu, en alls er jólamarkaðurinn á 400 fermetra innisvæði þannig að skammdegið og kuldaboli, sem búið er við um helgina, bitur ekki á þá sem skella sér á vel upp hitaðan og bjartan jólamarkað á Akranesi.

Jólamarkaðurinn er einkafram-



tak en Akranesbær hefur stutt við verkefnið. Bærinn var með jólamarkað í Landsbankahúsinu í fyrra en engin áform voru um markað í ár svo að Miðbæjarsamtökin tóku af skarið.

„Við gerum þetta bara í sjálfbodavinnu vegna þess að við höfum áhuga á lifandi miðbæ,“ segir Þorgerður. Ljóst er að bæjarbúar og fleiri taka þessu framtaki fagnandi vegna þess að alla síðustu helgi var stöðugur straumur fólks á jólamarkaðnum, liflegt um að litast og viðskiptin blómleg.

„Hérna á markaðnum er úr mörgu að velja og hægt að gera góð kaup fyrir jólin, bæði kaupa jólagjafir og eitthvað á jólaborðið. Um helgina var hægt að kaupa marineraða síld frá Fáskrúðsfirði og heimagera konfekt héðan úr bænum, auk alls handverksins, bæði listaverka og nytjalistar. Hér var hægt að kaupa nýjar jólabækur og galla sig upp fyrir kajaksiglingar, allt á frábæru verði,“ segir Þorgerður og bætir við að flestir sölubásarnir verði aftur um helgina og einhverjir nýir bætist við. ■

Margs konar handverk og nytjalist er í boði á jólamarkaðnum á Akranesi. Inni á markaðnum er hlýtt og bjart þótt úti sé myrkur og kuldi.

JÓLIN ERU Í DORMA

Frábært úrval og gott verð



30%
AFSLÁTTUR
AF DÝNU

Sealy **WASHINGTON**
heilsudýna með botni

Vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri. Tvöfalt pokagormakerfi, kantstyrking og þægileg yfirdýna. hefur þróað í mörg ár. Þrír mikilvægustu punktarnir í þróuninni voru stuðningur, þægindi og ending.



Fæst í 160x200, 192x203 og 200x200 cm.
Verðdæmi: 160x200 cm. Fullt verð: 279.900 kr.

Nú **213.930 kr.**

25%
AFSLÁTTUR

AVIGNON hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skammel. Brúnt, svart, dökkgrátt eða rautt PVC leður. Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **149.925 kr.**



TAMPA tungusófi



Tungusófi með fallegu slitgóðu ljósgráu áklæði. 242 x 145 x 85 cm.
Fullt verð: 169.900 kr.

Nú **127.425 kr.**

25%
AFSLÁTTUR

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolbeinn@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is TIMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Anna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is

Fallegar bækur í jólapakkann

Nýjar og spennandi bækur í desember



27% afsláttur

5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



30% afsláttur

10.499 kr. VERÐ ÁÐUR 14.999 kr.



28% afsláttur

4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 kr.



30% afsláttur

10.499 kr. VERÐ ÁÐUR 14.999 kr.



29% afsláttur

6.399 kr. VERÐ ÁÐUR 8.999 kr.



27% afsláttur

5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



30% afsláttur

10.499 kr. VERÐ ÁÐUR 14.999 kr.



27% afsláttur

9.799 kr. VERÐ ÁÐUR 13.499 kr.



28% afsláttur

7.199 kr.stk VERÐ ÁÐUR 9.999 kr.

www.penninn.is
s: 540-2000



Gjafakort í jólagjöf



Bóksali í 150 ár

Yfirval er misunandi eftir verslunum. Gildistími tilbodsins er til og með 19. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.

